



Snjóflóð á Íslandi veturinn 2017–2018

Óliver Hilmarsson

Forsíðumynd: Snjóflóð í Djúpagili sem féll yfir veginn um Súðavíkurlíð í janúar 2018.
Ljósmynd: Örn Ingólfsson.

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2017–2018

Óliver Hilmarsson, Veðurstofu Íslands

Skýrsla nr. VÍ 2018-015	Dags. Október 2018	ISSN 1670-8261	Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/> Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Snjóflóð á Íslandi veturinn 2017–2018		Upplag: 35 Fjöldi síðna: 100 Framkvæmdastjóri sviðs: Ingvar Kristinsson	
Höfundar: Óliver Hilmarsson		Verkefnisstjóri: Harpa Grímsdóttir Verknúmer: 4351-0-0001	
Gerð skýrslu/verkstig:		Málsnúmer: 2018-0321	
Unnið fyrir:			
Samvinnuaðilar:			
Útdráttur: Haustið var milt og almennt lítilt snjór til fjalla fram í nóvember. Vætusamt var í september, sérstaklega á SA- og A-landi með tilheyrandi skriðuföllum og vatnavöxtum. Helst ber þar að nefna stóra aurskriðu sem féll í Hamarsfirði og olli þó nokkru tjóni. Veturkonungur tók við eftir miðjan nóvember með langvarandi norðlægum vindáttum og hriðarveðri á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Fjölmörg snjóflóð féllu á Vestfjörðum og Norðurlandi í þessari norðanátt og m.a. á varnargarða á Flateyri og á Siglufirði. Snjóflóð á vegi landsins voru tíð þennan vetur þó sérstaklega á Vestfjörðum en vegurinn um Súðavíkurhlíð var lokaður allmarga daga vegna snjóflóða og snjóflóðahættu. Í tvígang voru snjóflóð svo til úr öllum giljum á Súðavíkurhlíð og erfitt að greina á milli flóða. Óvissustigi vegna snjóflóðahættu var lýst yfir í sjö skipti og í eitt skipti var lýst yfir hættustig með rýmingu á reitum 4 og 6 undir Strandartindi á Seyðisfirði. Snjóflóð af mannavöldum voru tíð þennan vetur og virðast verða tíðari með hverjum vetri. Einn maður slasaðist í snjóflóði á Vestfjörðum og tveir ferðamenn voru hætt komnir á Grímsfjalli í Vatnajökli eftir að hafa lent í snjóflóði.			
Lykilorð: Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóðaaðstæður, snjódyptarmælingar, snjóflóðavakt, snjóflóðahrinur, snjóflóðaannáll, annáll		Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs:  Undirskrift verkefnisstjóra: Yfirfarið af: SG, HG	

Efnisyfirlit

TÖFLUSKRÁ.....	6
MYNDASKRÁ	5
1. INNGANGUR.....	7
2. ÁRSYFIRLIT OFANFLÓÐAVAKTAR.....	7
3. SNJÓFLÓÐAYFIRLIT OG VÖKTUN SNJÓFLÓÐAHÆTTU.....	17
3.1 Skráning snjóflóða.....	17
3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins.....	17
3.3 Óvissustig og rýmingar.....	19
3.4 Snjóflóð á vegi.....	20
3.5 Snjóflóð af mannavöldum	24
3.6 Snjódýptarmælingar	28
4. HELSTU SNJÓFLÓÐ VETRARINS	29
4.1 Sveinsstaðaskál í Skíðadal.....	30
4.2 Fífladalagil, Siglufirði	32
4.3 Strengsgil, Siglufirði.....	34
4.4 Innra Bæjargil, Flateyri.....	36
4.5 Hrafnagil, Ísafirði	38
4.6 Grímsfjall, Vatnajökli	40
HEIMILDIR	41
VIÐAUKI I. SNJÓDÝPTARMÆLINGAR	42
VIÐAUKI II. SKRÁÐ SNJÓFLÓÐ VETURINN 2017–2018	47

Myndaskrá

Mynd 1. Uppsöfnuð úrkoma á Austurlandi og Austfjörðum 20–30.sept 2017.	8
Mynd 2. Aurskriðan í Hamarsfirði 28.sept 2017.	8
Mynd 3. Snjóflóðið sem féll í Djúpagili og yfir veginn um Súðavíkurlíð í hrinunni 15–17. janúar 2018.	11
Mynd 4. Þann 5.apríl setti fjallaskíðahópur af stað þunnan en breiðan fleka í Hrafnfirði í Jökulfjörðum.....	14
Mynd 5. Framhlaupið í Hítardal 7.júlí 2018 var gríðarlega stórt og með stærri skriðum á Íslandi á sögulegum tíma.....	16
Mynd 6. Snjódýpt í Seljalandshlíð í Skutulsfirði veturinn 2017–2018.	28
Mynd 7. Snjódýpt ofan Siglufjarðar veturinn 2016–2017.....	28
Mynd 8. Snjódýpt í Tröllagili ofan Neskaupstaðar veturinn 2017–2018.	29
Mynd 9. Mismunandi nákvæmni á útlínum snjóflóða.....	29
Mynd 10. Veðuradragandi snjóflóðsins í Sveinsstaðaskál í Skíðadal.	31
Mynd 11. Mikið af stóru flóðagrjóti barst niður með flóðinu úr Sveinsstaðaskál.....	31

Mynd 12. Flóð féll fram á árbakka Skíðadalsár eða yfir hana á um 500 m kafla.	31
Mynd 13. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Fífladalagili.	33
Mynd 14. Stór steinn á vegslóða ofan við þvergarðana færðist úr stað í flóðinu úr Fífladalagili.....	33
Mynd 15. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Strengsgili á Siglufirði.	34
Mynd 16. Gróf útlína flóðs úr Strengsgili sem fór á leiðigarðinn Stóra Bola ofan Siglufjarðar	35
Mynd 17. Horft upp eftir leiðgarðinum Stóra Bola og upp í Strengsgil.....	35
Mynd 18. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Innra-Bæjargili ofan Flateyrar.	37
Mynd 19. Óliver Hilmarsson við mælingar á flóðinu úr Innra-Bjargili ofan Flateyrar.....	37
Mynd 20. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Hrafnagili við Ísafjörð.....	38
Mynd 21. Upptök flóðsins í Hrafnagili.	39
Mynd 22. Farvegur flóðs og drullurák niður þröngt gil. Tunga flóðsins neðst í þröngu og klettóttu gilinu.	39
Mynd 23. Veðuraðdragandi snjóflóðsins á Grímsfjalli.....	40

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi skráðra ofanflóða eftir gerð frá 1.sept 2017 til 1.sept 2018.....	17
Tafla 2. Snjóflóðahrinnur veturinn 2017–2018.	18
Tafla 3. Óvissustig og hættustig vegna snjóflóðahættu veturinn 2017–2018.....	19
Tafla 4. Fjöldi snjóflóða sem lokuðu vegum á þeim svæðum þar sem Veðurstofan gefur út snjóflóðaspá.....	20
Tafla 5. Snjóflóð og skriður sem féllu á vegi landsins frá 1. sept 2017 til 1. sept 2018.....	20
Tafla 6. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2017–2018.....	24

1. Inngangur

Annáll þessi nær yfir öll skráð snjóflóð frá 1. september 2017 til 1. september 2018. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar og er ljóst að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð. Allar tölur og talningar á flóðum miðast við ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar þegar annállinn er gefinn út. Einhverjar breytingar gætu orðið eftir útgáfu annáls, t.d. ef fréttist af áður óþekktum flóðum

Í annálnum er fyrst ársyfirlit þar sem hver mánuður er tekinn fyrir. Farið er yfir helstu atburði eins og óveður, snjóflóð og skriðuföll, rýmingar og annað sem viðkemur störfum Ofanflóðaflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Síðan er fjallað um helstu snjóflóð og snjóflóðahrinur, óvissustig og rýmingar, lokanir á vegum, flóð af mannavöldum, tjón og fleira. Nokkur snjóflóð eru tekin sérstaklega fyrir og þeim gerð betur skil. Í viðauka II er listi yfir allar snjóflóðafærslur vetrarins sem eru skráðar í ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar. Myndir sem ekki eru merktar myndatökumanni voru teknar af starfsmönnum Veðurstofunnar.

2. Ársyfirlit ofanflóðavaktar

Í þessum kafla er farið yfir helstu atburði eins og óveður, snjóflóð og skriðuföll, rýmingar og annað sem viðkemur störfum Ofanflóðaflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Hver mánuður er tekin fyrir frá september 2017 til ágúst 2018.


September

September var úrkomusamur og hlýr og um miðjan mánuðinn fór hiti vel yfir 20 gráður á Norðaustur- og Austurlandi og allmörg hitamet slegin.

Fregnir af grjóthruni bárust Ofanflóðavaktinni í nokkur skipti í mánuðinum. Þann 2. hrundi grjót úr hömrnum við Seljalandsfoss og lenti nærri göngustígnum vestan við fossinn. Fjöldi ferðamanna var við fossinn þegar hrundið varð og var ákveðið að loka stígnum um tíma og ganga úr skugga um hvort frekara hrun væri yfirvofandi. Þann 5. féllu tveir stórir steinar á veginn um Súðavíkurhlíð en slíkt er nokkuð algengt þar sem vegurinn liggur undir snarbrattri fjallshlíðinni. Sama dag urðu ferðamenn tvisvar vitni að grjóthruni í Öskju með stuttu millibili. Miklar drunur fylgdu grjóthruninu sem átti upptök vestan við berghlaupið 2014. Tveimur sólarhringum seinna sá leiðsögumaður stórt bjarg falla á sama stað sem endaði í Öskjuvatni með talsverðum gusugangi og hringlaga öldum.

Þann 21. féll stór skriða austan í Hvannadalshrygg í Öræfum. Svartapoka var þegar skriðan féll en drunur heyrðust í allt að 22 km fjarlægð.

Þrjár lögðir gengu yfir landið eftir miðjan mánuðinn með mikilli úrkomu eða úrhelli á Suðaustur- og Austurlandi. Uppsöfnuð úrkoma 19–29. sept fór víða yfir 100 mm og á nokkrum stöðum vel yfir 300 mm.



Mynd 1. Uppsöfnuð úrkoma á Austurlandi og Austfjörðum 20–30.sept 2017. SJ: sjálfvirk veðurstöð, MS: mönnuð veðurstöð.



Mynd 2. Aurskriðan í Hamarsfirði 28.sept 2017. Sjá má hvernig skriðan hefur flætt fram af neðsta klettabeltinu og niður á ræktað land.

Miklir vatnavextir og flóð urðu m.a. við Hornafjörð, Álftafjörð, Hamarsfjörð, Berufjörð og í Fljótsdal. Tjón hlaut af þessum vatnsflóðum þar sem samgöngur rofnuðu, vegir lokuðust og brýr skemmdust. Kindur urðu innlyksa og drukknuðu í vatnavöxtum. Mjög stór jarðvegs-skríða féll í Hamarsfirði um kl. 11:30 þann 28. september og yfir tún við bæinn Hamarssel eftir að jarðvegur ofarlega í fjallinu var orðinn gegnsósa. Tjón varð á ræktaðu landi og búfénaði sem grófst undir skriðunni. Fleiri skriður féllu á Austurlandi t.a.m. skriða í Berufirði sem fór yfir þjóðveginn og önnur í Skriðdal sem féll yfir ræktað land.

Október

Október var hlýr og hægviðrasamur um land allt. Fremur þurrt var á vestanverðu landinu en úrkomumeira á Austfjörðum og Suðausturlandi.

Úrhelli gerði á Siglufirði aðfaranótt 14. október og flæddi inn í nokkur hús en ekki bárust fréttir af skriðuföllum.

Snjólétt var á landinu um miðjan mánuðinn þegar snjóflóðavaktin tók formlega við af skriðuvakt en snjór var þá allur ofan 800 metra.

Að kvöldi 23. október féll lítil skriða úr Hólsgili í Erninum við Bolungarvík. Nokkur stærðar björg komu niður með skriðunni og náði eitt þeirra niður á flatann undir gilinu og yfir girðingu sem þar er. Mikil úrkoma hafði verið allan daginn á norðanverðum Vestfjörðum.

Nóvember

Kalt var í nóvember og tók snjór að safnast í fjöll um mest allt land strax í byrjun mánaðarins. Um miðjan mánuðinn var kominn talsverður snjór á Tröllaskaga og SV-landi og opnaði skíðasvæðið í Bláfjöllum 11. nóvember.

Innhljóðsmælafylki var sett upp á Eyrinni á Ísafirði í mánuðinum en það nemur hljóð af lágrí tíðni og á að geta heyrt í snjóflóðum innan Skutulsfjarðar. Verkefnið er tilraunaverkefni í samstarfi við ítalskan háskóla og er m.a. styrkt af Vegagerðinni.

Dagana 20–26. nóvember voru þrálátar hvassar norðlægar áttir á landinu og talsvert frost. Það gekk á með hríðarveðri á Norðurlandi og Vestfjörðum með tilheyrandi hrinu snjóflóða. Á norðanverðum Vestfjörðum var lýst yfir óvissustigi í tvígang. Seinni hluta þessa tímabils hvessti af norðri á Austfjörðum og þar var einnig lýst yfir óvissustigi þann 24. sem var svo aflýst daginn eftir.

Strax þann 20. féll stórt flóð úr Miðstrandargili og lokaði Siglufjarðarvegi. Flóðið var allt að 3,5 m þykkt á vegi. Fjögur flóð til viðbótar féllu á veginn milli Strákaganga og Siglufjarðar. Seint um kvöldið þann 20. féll snjóflóð á Ólafsfjarðarveg í gili 38 og ók vegfarandi inn í flóðið. Veginum hafði verið lokað en ekki var búið að hreinsa alla umferð af veginum. Flóð féllu einnig úr í farvegum 36 og 37 og á stálþilin ofan Ólafsfjarðarvegar og slettust þunnar flóðtungur inn á veg en lokuðu honum ekki. Myndarlegt flóð féll úr Ósbrekkufjalli ofan gangamunnans við Ólafsfjörð og flóð féll yfir veg í utanverðum Fnjóskadal, í Végeirsstaðaklifi.

Nokkru eftir að veðrið gekk niður kom í ljós að snjóflóð hafði fallið úr Strengsgili ofan Siglufjarðar og á leiðigarðinn Stóra-Bola. Garðurinn sinnti hlutverki sínu vel og beindi flóðinu í átt frá byggðinni og nam flóðið staðar við garðendann. Flóðið bar með sér stóra grjóthnullunga og það reif með sér girðingu og snjódyptarmæli sem komið hafði verið fyrir í efri hluta hlíðarinnar.

Annað merkilegt snjóflóð sem hafði fallið í þessari hrinu uppgötvaðist svo um miðjan desember það flóð féll úr Fífladalagili og á varnargarðinn ofan við Heiðarveg og Háveg á Siglufirði. Mannæðarhátt bjarg sem liggur á vegslóðanum ofan við varnargarðinn færðist til í flóðinu og ljóst að krafturinn hefur verið mikill.

Á Vestfjörðum féllu allmörg snjóflóð á þekktum stöðum. Snjóflóð féll í farvegi 16 á Súðavíkurhlíð strax um kvöldið þann 20. sem slettist aðeins inn á veg en þá var veðrið ekki almennilega skolið á. Í ljósi slæmrar veðurspár var veginum um Súðavíkurhlíð lokað um miðnætti. Morguninn 21. nóvember versnaði veðrið til muna og var lýst yfir óvissustigi

vegna snjóflóðahættu fyrir norðanverða Vestfirði en ekki skapaðist þó hættu í byggð. Vegurinn um Súðavíkurlíð var opnaður aftur seinni partinn 21. og þá höfðu fallið sex flóð til viðbótar og tvö þeirra stór og yfir veginn. Snjóflóð féll yfir veginn um Hvilftarströnd og fram í sjó og lítið flóð féll í Krossgili og yfir veginn um Eyrarhlíð. Eitt flóð er skráð á Barðaströnd en það féll á veginn um Klettsháls og var um tveggja metra þykkt á vegi. Veðrið gekk niður á Vestfjörðum seinni partinn 21. og var skaplegt til næsta morguns. Engin ný flóð höfðu fallið um nóttina á Súðavíkurlíð og vegurinn var opnaður um morguninn 22. nóvember með varúðarstigi þar sem veðrið átti að versna. Snjóflóð féll svo seinna um daginn í farvegi 22 og lokaði veginum. Aftur var lýst yfir óvissustigi fyrir norðanverða Vestfirði sem varði til morguns þann 24.

Með merkilegri flóðum sem féllu á Vestfjörðum þessa dagana var allstórt snjóflóð sem kom úr Innra Bæjargili ofan Flateyrar og hafnaði á leiðigarðinum ofan við ystu byggðina. Flóðið flæddi meðfram garðinum og langleiðina niður að veginum. Flóðtungan var ekki efnismikil en bar með sér stórgrýti og braut litlar trjáhrislur við varnargarðinn og sáust verksummerki rétt fyrir neðan garðtoppinn. Flóð féllu einnig í Grænagili og Hrafnagili í Seljalandshlíð, bæði með þunnar flóðtungur en báru með sér stórgrýti og brutu lerkitré og annan trjágróður.

Fleiri stór og merkileg snjóflóð uppgötvuðust svo á Tröllaskaga í desember sem féllu í þessari hrinu 20–25. nóvember.

Tíðindalaust var á snjóflóðavaktinni síðustu dagana í nóvember.

Desember

Fremur aðgerðalítið veður var í desember en í lok mánaðarins voru norðlægar áttir ríkjandi með snjósöfnun víða á landinu.

Þann 10. bárust fréttir af einkennilegum ummerkjum í snjónum rétt sunnan við eyðibýlið Sveinsstaði í Skíðadal. Fjárþóndi á Hnjúki tók eftir ummerkjunum þegar hann fór að huga að eftirlegukindum í Sveinsstaðaafreitt. Við nánari athugun kom í ljós að mjög stórt snjóflóð hafði fallið úr Sveinsstaðafjalli, þvert yfir gil og 10–15 m háan hrygg og áfram niður og yfir Skíðadalsá. Flóðið var um 500 m breitt en ekki er vitað til þess að flóð hafi fallið svona langt á þessum stað áður. Flóðið hefur að öllum líkindum fallið í snjóflóðahrinunni 20–25. nóvember og er sennilega stærsta skráða snjóflóðið á Íslandi þennan vetur.

Tveir nýir SM4 snjódýptamælar bættust við mælanet Veðurstofunnar 12. desember. Annar mælirinn var settur upp á Bæjarfjalli ofan Dalvíkur ásamt vindmæli til þess að mæla vind í fjallahæð á Tröllaskaga. Hinn mælirinn var settur upp í ytri vanga gils 38 ofan Ólafsfjarðarvegar til þess að fá betri mynd af snjósöfnun á svæðinu. Lítil snjór mældist á öllum snjódýptarmælum á landinu um þetta leyti og snjórinn var orðinn frostlaus eftir hlákukafla.

Skaplegt veður og lítil snjór skilaði líka fáum snjóflóðum. Nokkrar spýjur og lítil snjóflóð féllu á Tröllaskaga og Vestfjörðum. Þann 20. féllu tvö snjóflóð á Þjóðveg 1 við dalsmynni Fagradals við Eskifjörð og vélsleðamenn settu af stað tvö lítil flekaflóð á Ströndum í lok mánaðarins.

Janúar

Veður var umhleyppingasamt í janúar með ríkjandi suðlægum áttum og hlýindum fyrstu tvær vikurnar. Eftir miðjan mánuðinn snérist til norðlægra átta með hríðarveðri víða um land en í lok mánaðarins hlýnaði aftur með suðlægum áttum.



Mynd 3. Snjóflóðið sem féll í Djúpagili og yfir veginn um Súðavíkurhlíð í hrinunni 15–17. janúar 2018. Ljósmynd: Örn Ingólfsson.

Dagana 5–7. janúar gengu tvenn skil yfir landið og snjóaði fyrst í hægum vindi á norðanverðum Vestfjörðum en svo hvessti með A–NA éljagangi. Nokkur lítil flóð féllu á Kirkjubóls- og Súðavíkurhlíð en ekkert náði inn á veg. Þann 7. féll snjóflóð úr Vatnshlíð í Álftafirði og yfir veginn innan við Hattardal. Sama dag féllu fjögur flóð á veginn í Skötufirði undir Fossahlíð.

Frá 8. til 13. hlýnaði á landinu með S–SA áttum og hláku á Austfjörðum og féllu nokkrar aurskriður í kjölfarið. Þann 12. féll aurskriða við bæinn Innri-Kleif í Breiðdal sem eyðilagði vatnsbrunn bæjarins. Tvær minni aurskriður féllu einnig við orlofshúsið Ytri-Kleif og ollu einhverjum skemmdum á trjágróðri. Við bæinn Hafranes í Reyðarfirði féll aurskriða og stíflaði farveg Torfnésár. Þegar stíflan brast hljóp Torfnésáin með talsverðum krafti niður að bænum, rauf skarð í heimreiðina og tók með sér 20 heyrúllur.

Þann 11. féll lítið snjóflóð úr stuttri en brattri brekku ofan við Aðalbraut á Drangnesi. Flóðið féll rétt utan við Aðalbraut 6 og stöðvaðist við girðingu sem liggur fyrir ofan húsið en gafl þess er í laginu eins og stefni til þess að verja húsið fyrir atburðum sem þessum.

Dagana 15–19. janúar voru norðlægar áttir aftur ríkjandi með hríðarveðri og féllu mörg snjóflóð á norðanverðum Vestfjörðum þessa daga. Óvissustig vegna snjóflóðahættu var lýst yfir dagana 15–17. janúar. Yfir 25 flóð féllu á Súðavíkurhlíð þessa daga. Stærsta flóðið féll í Djúpagili og var þykkt þess um þrjár metrar á veginum. Flóðið kom fram í snjódýptargögnum SM4 mælis í upptakasvæði gilsins en um kl 19:00 þann 16. fór snjór skyndilega af efstu fjórum skynjurunum sem eru með 20 cm millibili á stikunni. Þykkt flekans má því áætla að hafi verið um 80 cm. Nokkuð stórt flóð féll einnig í Fjargili en það var tæpir tveir metrar á þykkt á vegi. Snjóflóð lokuðu einnig vegum á Gemlufallsheiði og í Súgandafirði. Snjóflóð féll á Flateyrarveg þann 16. og festist bíll í flóðinu.

Morguninn þann 17. greindi nýja innhljóðsmælafylki á Ísafirði tvö möguleg snjóflóð um nóttina innan fjarðarins. Annað merkið kom kl. 3:35 frá Steiniðjugili en hitt kl. 3:42 frá Kirkjubólshlíð. Snjóathugunarmaður sem fór á vettvang staðfesti að flóð hafði fallið ofan við gömlu Steiniðjuna sem stöðvaðist í um 80–100 m hæð. Eftir að birti til sást einnig snjóflóð úr Kirkjubólshlíð á því svæði sem innhljóðsmælafylkið greindi mögulegt snjóflóð.

19–21. janúar féllu nokkur snjóflóð á Miðströnd og í Miðstrandargili fyrir ofan Siglufjarðarveg eftir NV-éljagang. Fjögur flóðanna féllu á Siglufjarðarveg sem var lokaður vegna snjóflóðahættu en ummerki voru um að bílar hefðu ekið veginn eftir að hann var lokaður.

Dagana 22–24. janúar var austan- og norðaustan hvassviðri og hríð á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Hiti var í kringum frostmark á láglandi og var ýmist rigning, slydda eða snjócoma, en frost til fjalla og talsvert bætti á snjó. Mikil snjócoma var á sunnanverðum Vestfjörðum og Vesturlandi í upphafi veðursins og féllu nokkur snjóflóð yfir veginn um Skarðsströnd, flóð lokaði veginum í Gufufirði og flóð féllu á veginn um Raknadalshlíð. Í norðanverðum Dýrafirði féll þunnt en breitt flekaflóð ofan við bæinn Fremstuhús. Upptök flóðsins voru neðarlega í fjallinu og flóðið fór stutt og ógnaði ekki bænum. Flóð féll einnig úr Urðarskál og yfir snjóflóðakeilurnar ofan við veginn til Flateyrar en stöðvast við veginn.

Veðrið var slæmt á Austfjörðum 23–24. janúar og féllu mörg flóð í sunnanverðum Seyðisfirði. Tvö stærstu flóðin féllu í Strandartindi og fóru niður að vegi. Tvær rollur lentu í snjóflóði í Bjólfinum og drapst önnur þeirra en hin slapp úr flóðinu.

Í lok mánaðarins setti fjallaskíðafólk af stað nokkur flóð í Hveradölum og í Skálafelli en engum var meint af.

Febrúar

Febrúar var illviðra- og úrkomusamur og suðlægar áttir ríkjandi

Þann 2. hlýnaði snögglega með suðlægum áttum og rigningu til fjalla á sunnan og vestanverðu landinu. Mörg flóð féllu í kjölfarið á SV-landi m.a. á Hengilssvæðinu og í Bláfjöllum. Innhljóðsmælafylkið greindi 5 flóð á Kirkjubólshlíð 2. febrúar en staðfest var að mörg lítil flóð höfðu fallið á hlíðinni en ekkert náði vegi. Stórt snjóflóð féll á veginn í Bjarnadal á Gemlufallsheiði og nokkur flóð lokuðu veginum um Spilli í Súgandafirði

Óveðurslægð gekk yfir landið 10. febrúar og var veðrið verst á Suðvestur- og Vesturlandi og á Vestfjörðum. Það snjóaði mikið í vestanátt í upphafi veðursins sem er ekki algengt og viðbúið að snjóflóð gætu fallið á óvenjulegum stöðum. Vindur snérist síðar í hefðbundnari NA-átt. Óvissustigi vegna snjóflóðahættu fyrir norðan- og sunnanverða Vestfirði var lýst yfir um kvöldið þann 10. Veður tók að versna um kvöldmatarleytið þann 10. og var NV-hríð og skafrenningur um nóttina sem snérist svo í NA átt um morguninn. Um nóttina féllu tvö þunn flóð inn á veginn sem liggur um Eyrarhlíð og eitt flóð féll á þilið ofan við veginn. Snjóflóð féll á óvenjulegum stað yfir veg í sunnanverðum Botnsdal í Tálknafirði og í Gufufirði féll einnig flóð á óvenjulegum stað yfir veg og langt inn á tún. Snjóflóð féll við Barmahlíð, milli Hyrningsstaða og Seljaness í Reykhólasveit sem fór að hluta niður á veg. Mikill snjór var í bænum á Patreksfirði eftir nóttina en minni snjósöfnun var í fjallinu. Snjór var einnig með meira móti á Snæfellsnesi, m.a. á Hellissandi. Óvissustigi var aflétt fyrir sunnanverða Vestfirði kl 13:00 þann 11. og um morguninn þann 12. á norðanverðum Vestfjörðum. Þá höfðu flóð fallið úr Hrafnagili, Steiniðjugili, Grænararðsgili og Karlsárgili í Seljalandshlíð á Ísafirði. Eitt þeirra náði inn á veg upp á gönguskíðasvæði Ísfirðinga. Flóðið úr Steiniðjugili kom fram á SM4 mælinum og féll um 5:45 og þykkt flekans var rúmlega 50 cm. Alls féllu 24 snjóflóð yfir veg undir Súðavíkurlíð en ekki var auðvelt að aðgreina þau þar sem tungurnar voru mikið sam-vaxnar. Mesta þykkt flóðtungu á vegi var um 3,5 m. Tvö flóð féllu yfir veg á Ytri Kirkjubólshlíð. Einnig féll flóð á Innri Kirkjubólshlíð skammt utan við Funa. Tvö snjóflóð féllu á Hnífsdalsveg aðfaranótt sunnudags og það þriðja lenti á þili ofan við veg.

Stórt snjóflóð féll einnig úr Hvalsárhöfða sunnan Hólmavíkur, sennilega aðfaranótt 11. febrúar og lokaði veginum.

Dagana 13–15. febrúar var hvöss NA átt á Vestfjörðum og féllu nokkur snjóflóð m.a. yfir veg við Mosvelli í Öfundarfirði og í Hestfirði féll breitt snjóflóð yfir veg.

Eftir miðjan mánuðinn hlýnaði með suðlægum áttum, það var úrkomusamt á Suður- og Austurlandi og féllu nokkrar skriður á landinu. Þann 19. féll lítil skriða í Reynisfjalli þar sem vegslóði liggur upp á fjallið. Vatn hafði safnast saman í vegsneiðingi og vegkantur gefið sig skyndilega. Næstu dagar voru vætusamur og féll býsna stór jarðvegsskriða í Sóleyjartindi í Fáskrúðsfirði 22. febrúar.

Krapaflóð féll við bæinn Augastaði í Hálsasveit innst í Borgarfirði 24. febrúar. Flóðið féll á gám sem var um 10 m austan við íbúðarhúsið og náði langt niður á tún þar fyrir neðan. Mikið af tölvubúnaði var í gámnum sem nota átti við norðurljósarannsóknir og skemmdist hann nokkuð.

Eftir langvarandi hlýindi og hlákur var mat á snjóflóðahættu til fjalla komið á grænan, eða lægsta hættustig, á Tröllaskaga og Austfjörðum undir lok mánaðarins.

Mars

Heilt yfir var mars hægviðrasamur. Norðaustanáttir voru ríkjandi fyrri helming mánaðarins en svo snérist vindur í suðlæggar áttir seinni helminginn.

Í lok febrúar var snjór víðast hvar orðinn gamall og harðpakkaður en NA-éljaveður bætti nýjum snjó í fjöll á Norðurlandi fyrstu dagana í mars. Þessi snjór var mjög óstöðugur og þann 5. tóku flóð að falla víða á Tröllaskaga. Stórt flekaflóð féll innanlega í Þverárdal og annað í Vesturkjálka Svarfaðardals. Norðar á skaganum féll stórt flekaflóð í Kerarhnjúki í sunnanverðum Brimnesdal.

Áfram voru NA-áttir og var snjórinn lengi að verða stöðugur. Þann 12. féll flekaflóð undan vélsleðamanni í Skarðsdal við Siglufjörð en náði hann með naumindum að forða sér frá flóðinu. Sama dag féll stórt flekaflóð undan skíðamanni í Múlakollu við Ólafsfjörð en enginn lenti í flóðinu.

Eftir viðvarandi NA-áttir fyrstu tvær vikurnar í mars hafði safnast talsvert af snjó á Austfjörðum. Víða var um og yfir 80 cm af nýjum snjó sem lá ofaná eldra harðfenni. Þann 14. tók að hlýna og vindur snérist í A- átt og síðan SA-átt. Snjócoma breyttist í rigningu og um kvöldið þann 14. féll snjóflóð úr Miðtanga sem er í Strandartindi við Seyðisfjörð. Flóðið fór yfir Hánefsstaðaveg sem liggur út með Seyðisfirði sunnanverðum og var nokkuð þykkt á veginum. Hættustigi var lýst yfir á Austfjörðum í kjölfarið með rýmingu á reitum 4 og 6 undir Strandartindi þar sem spáð var mikilli rigningu um nóttina og mikið nýsnævi var í fjöllum. Nokkur vot snjóflóð féllu við Seyðisfjörð þann 15. en ógnuðu ekki byggð. Hættustigi var aflýst um kl 15 þann 15. og óvissustigi sömuleiðis seinna um kvöldið.

Þann 22. bárust aftur fréttir af snjóflóðum á Tröllaskaga og síðan einnig í fjöllum í nágrenni Grenivíkur. Voru viðvarandi veik lög í snjónum það sem eftir var mánaðar víða á Norðurlandi og féllu allmörg flóð undan skíðamönnum og vélsleðum síðustu dagana í mars en engin slys urðu á fólki.



Mynd 4. Þann 5.apríl setti fjallaskíðahópur af stað þunnan en breiðan fleka í Hrafnfirði í Jökulfjörðum. Ljósmynd: Viðar Kristinsson.

Mikið nýsnævi var í fjöllum á Austfjörðum og gott útivistarveður í Dymbilvikunni og síðustu dagana í mars en ekki bárust fréttir af snjóflóðum.

Þann 29. féllu nokkrir stórir steinar úr hlíðinni ofan við Kirkjubæjarklaustur og hafnaði einn steinninn á bílskúr ofan við íbúðarhús en olli litlum skemmdum.

Apríl

Apríl var hægviðrasamur og lítið um hvassviðri. Austanáttir voru ríkjandi og fremur úrkomusamt var á Austurlandi.

Mikið nýsnævi var í fjöllum á Austurlandi í byrjun mánaðarins. Ekki fréttist af mörgum snjóflóðum en þann 1. settu vélsleðamenn af stað flekaflóð á Héraði á Austfjörðum. Flekinn féll í lítilli, brattri brekku og var því ekki stór en brotstálið var mjög þykkt og tungan sömuleiðis. Sleðinn barst með flóðinu en endaði í yfirborði flóðsins og grófst ekki.

Yfirborðshrímið myndaðist víða í fjöllum á Norðurlandi síðustu dagana í mars sem grófst undir nýrri snjó eftir norðaustan éljagang fyrstu dagana í apríl. Algengt er að snjór verði óstöðugur þegar yfirborðshrímið grefst og féllu mörg flekaflóð af náttúrulegum orsökum á Tröllaskaga og í fjöllum austan Eyjafjarðar fyrstu vikuna í apríl. Fólk setti einnig af stað nokkur flekaflóð, m.a. í Torfadal í Fljótum þann 5. þegar fleki brast undan skíðamönnum. Þann 8. féllu tvö flekaflóð á Tröllaskaga undan vélsleðum, annað á Reykjaheiði en hitt í botni Karlsárdals. Sama dag setti vélsleði af stað flekaflóð í Fjörðum og daginn eftir, eða þann 9., féll breitt flekaflóð undan skíðamönnum skammt frá veginum út í Hvalvatnsfjörð.

Óstöðug snjóalög voru víðar en á Norðurlandi. Í Jökulfjörðum setti fjallaskíðahópur af stað breitt en þunnt flekaflóð í ávalri brekku þegar hópurinn gekk upp á skíðum. Allir náðu að koma sér undan flóðinu sem var blautt og rann hægt. Einnig barst snjóflóðavaktinni fréttir af mikilli snjóflóðavirkni í Kerlingafjöllum 8–9. apríl og þ.a.m. eitt þykkt flekaflóð sem sprakk undan vélsleða. Ökumaður sleðans náði að aka sleðanum upp úr flóðinu og varð ekki meint af.

Um miðjan mánuðinn gengu hlýindi með SA-átt og rigningu yfir SA-land og sunnanverða Austfirði. Mikill snjór var enn í fjöllum og jörð orðin frostlaus en ekki fréttist af neinum ofanflóðum í þessum hlýindum.

Maí

Fremur svalt var í mánuðinum um landið suðvestan- og vestanvert en hlýtt á Norðaustur- og Austurlandi. Úrkomusamt var á vestanverðu landinu og bætti talsvert á snjó til fjalla. Jörð varð víða alhvít sunnan- og vestanlands í byrjun mánaðarins og aftur um miðjan mánuðinn vestan- og norðvestanlands.

Snjórinn var varasamur í fjöllum á Norðurlandi fyrri hluta mánaðarins og settu skíðamenn fjölmörg snjóflóð af stað. Flest þessara flóða voru flekaflóð oft með mikla útbreiðslu og nokkur þeirra fóru af stað með fjarbroti. Mörg flóðanna voru sett af stað vísvitandi við stöðugleikaprófanir en fólk setti einnig af stað flóð óviljandi. Enginn slasaðist í þessum flóðum.

Þann 18. settu tveir ferðamenn af stað nokkuð stórt flekaflóð þegar þeir gengu á skíðum og með púlkur í eftirdragi áleiðis upp á Grímsfjall. Mennirnir komust af sjálfsdáðum úr flóðin en misstu mikið af búnaði sínum í flóðið. Þeir náðu að gera vart við sig með neyðarsendi og grófu sig í fönn þar til þeim var komið til bjargar. Mennirnir voru orðnir mjög kaldir þegar hjálp barst og talin mildi að ekki fór verr.

Helgina 19–20. var austan hvassviðri með talsverðri úrkomu á landinu. Á Vesturlandi og Vestfjörðum snjóaði um tíma á láglandi með krapafærð á þjóðvegum. Talsvert bætti á snjó til fjalla í þessu veðri.

Mánudaginn 21. barst lögreglunni á Ísafirði tilkynning um að maður hefði slasast í snjóflóði í Hrafnagili í Seljalandshlíð. Maðurinn sem hafði gengið upp á topp Eyrarfjalls frá Gleidarhalla, setti flóðið af stað þegar hann var á niðurleið. Hann hafði gengið spölkorn niður hlíðina þegar lítill fleki brast undan honum sem bar hann niður allt fjallið, gegnum þröngt gil og framhjá klettum og steinum. Hann endaði neðst í tungu flóðsins en komst af sjálfsdáðum áleiðis niður hlíðina þar sem fólk varð hans vart. Maðurinn var fluttur með sjúkraflygi til Reykjavíkur.

Tíðindalaust var á snjóflóðavaktinni seinni hluta mánaðarins og tók skriðuvaktin við 28.maí

Júní

Þungbúið og svalt var á Suður- og Vesturlandi og á Vestfjörðum í mánuðinum en sólríkt og hlýtt á austanverðu landinu.

Tilkynningar bárust um sprungur í fjallshlíðum á nokkrum stöðum á landinu, m.a. innarlega í Fljótsdal, í Fjarðárglúfrum og í Hafnarfjalli í Borgarfirði. Lítið grjóthrun var einnig skráð í Fjarðárgljúfrum og ein skriða í manngerðum malarhaug við Lækjarmót sunnan við Selfoss.

Þann 21. fór teymi sérfræðinga, þar á meðal skriðufræðingur Veðurstofunnar, í leiðangur á Svínafellsheiði ofan Svínafellsjökuls þar sem vísbendingar eru um að stórt bergstykki geti hlaupið fram á jökulinn. Sprungur sem uppgötvuðust 2014 voru kortlagðar og tilraun var gerð til að mæla gliðnun á föstum mælistað í sprungunni sem komið var fyrir 2016 en vegna snjóalaga tókst það ekki.



Mynd 5. Framhlaupið í Hítardal 7.júlí 2018 var gríðarlega stórt og með stærri skriðum á Íslandi á sögulegum tíma. Ljósmynd: Sumarliði Ásgeirsson.

Júlí

Mánuðurinn var hlýr og bjartur austanlands en fremur svalur og sérlega sólarlítill sunnan- og vestanlands. Úrkoma var yfir meðallagi um mest allt land og mánuðurinn var víða sá úrkomusamasti um áratugaskeið.

Aðfaranótt 7. júlí féll gríðarstórt framhlaup úr Fagraskógarfjalli og niður í Hítardal og langt yfir Hítardalsá. Framhlaupið, sem var um 1,5 km breitt, stíflaði Hítardalsá þannig að lítið lón myndaðist ofan við framhlaupið og áin fann sér síðar nýjan farveg niður Stekká.

Framhlaupið úr Fagraskógarfjalli sem er á bilinu 10–20 milljón m³ er með stærri skriðum á sögulegum tíma á Íslandi. Þegar skriðan féll var uppsöfnuð þriggja mánaða úrkoma á mönnuðu úrkomustöðinni í Hítardal orðin sú mesta frá árinu 1995 þegar mælingar hófust. Skriðan ógnaði ekki byggð eða öðrum mannvirkjum en hún fór þó yfir vegslóð sem liggur upp dalinn að vestanverðu.

Tilkynningar um sprungur í fjöllum og klettum héldu áfram að berast til vaktarinnar sem reyndust allar vera gamlar. Tíðar tilkynningar um sprungur gætu skýrst af aukinni meðvitund almennings, væntanlega í kjölfar tíðra skriðuviðburða undanfarin ár en þar má nefna auk framhlaupsins í Fagraskógarfjalli, berghlaupið í Öskju 2014, aurskriðuna í Þófalæk á Seyðisfirði 2017 og aurskriðuna í Hamarsfirði sama ár.

Ágúst

Ágúst var fremur svalur mánuður víðast hvar á landinu, þó síst á Austurlandi. Engar stórrigningar voru í mánuðinum en vaktinni bárust nokkrar tilkynningar um grjóthrun og sprungur í fjöllum.

Þann 1. hrundi grjót og berg úr Svínafelli og á Virkisjökul. Fjallaleiðsögumaður sem staddur var við jökulinn náði að festa atburðurinn á myndband þar sem sást hvernig ís þeyttist í loft upp þegar grjótið skall á jöklinum.

Grjóthrun og litlar skriður voru tíðar í Fagraskógarfjalli í ágúst þar sem stóra skriðan féll og var fylgst náð með fjallinu í samstarfi við heimamenn.

3. Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu

3.1 Skráning snjóflóða

Frá 1.sept 2017 til 1. sept 2018 eru skráð 683 ofanflóð í ofanflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands. Þar af voru 650 snjóflóð, 31 skriðuföll og 2 vatnsflóð. Í sumum tilfellum geta verið nokkur snjóflóð í sömu skráningunni en þetta á sérstaklega við um litlar spýjur og ómerkileg flóð. Útlínur eru teiknaðar fyrir stærri og merkilegri flóð ef nægar upplýsingar eru til um flóðið. Ef ástæða þykir til eru flóð GPS mæld en útlínur geta einnig verið unnar útfrá ljósmyndum, eða minni þess sem sá flóðið. Yfirleitt eru ekki teiknaðar útlínur á flóðum sem eru minni en 2 á stærð nema það teljist sérstakt á einhvern hátt. Veturinn 2017–2018 voru teiknaðar útlínur fyrir 224 snjóflóð. Tafla 1 sýnir heildarfjölda ofanflóða þennan vetur og eru þau flokkuð eftir tegund.

Tafla 1. Fjöldi skráðra ofanflóða eftir gerð frá 1.sept 2017 til 1.sept 2018.

Tegund ofanflóðs	Fjöldi
Snjóflóð	23
Þurrt flekahlaup	434
Vott flekahlaup	66
Þurrt lausasnjóflóð	32
Vott lausasnjóflóð	65
Krapaflóð	3
Vatnsflóð	2
Flekahlaup	24
Lausasnjóflóð	3
Skriða	6
Aurskriða	9
Grjóthrun	13
Jarðvegsskriða	2
Krapaflóð og skriður	1

3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins

Í gagnagrunn Veðurstofunnar eru skilgreindar hrinur snjóflóða þegar ástæða þykir til. Þá er átt við mörg snjóflóð sem falla í sama veðrinu, stundum yfir nokkurra daga tímabil og yfirleitt í sama landshlutanum. Þennan vetur voru skráðar 11 snjóflóðahrinur.

Tafla 2. Snjóflóðahrinur veturinn 2017–2018.

Tímabil	Svæði	Fjöldi	Lýsing
20–25.11.2017	Norðanverðir Vestfirðir	35	Mörg flekaflóð féllu á Vestfjörðum, oft efnislítill en kraftmikil. Gróður og lítill tré brotnuðu á Seljalandshlíð og flóð féll í Innra Bæjargili ofan Flateyrar sem lenti á leiðigarðinum.
20–25.11.2017	Tröllaskagi og Fnjóskadalur	31	Í upphafi veðurs féllu fremur efnislítill flóð á Ólafsfjarðarveg en stórt flóð féll í Miðstrandargili og lokaði Siglufjarðarvegi. Tvö efnislítill en kröftug flóð féllu á varnargarða á Siglufirði og báru með sér talsvert af grjóti og færðu önnur úr stað og flóð braut Silfrastaðaskóg í Skagafirði. Stór flekahlaup féllu í framdal Svarfaðardals og í Skíðadal, líklega undir lok hrinunnar.
15–17.1.2018	Norðanverðir Vestfirðir	34	Mörg snjóflóð féllu á Súðavíkurhlíð 15.1 og svo aftur 17.1. Snjóflóð féllu einnig í Sígandafirði og yfir Flateyrarveg í Önundarfirði. Óvissustig vegna snjóflóðahættu var í gildi dagana 15–17.1
22/23.1.2018	Sunnanverðir Vestfirðir, Barðaströnd og Dalasýsla	10	Snjóflóð féllu við Patreksfjörð á þekktum stöðum. Nokkur snjóflóð féllu yfir veginn um Skarðsströnd og snjóflóð féll yfir veginn í Gufufirði.
23–25.1.2018	Austfirðir	14	Mörg flóð féllu í sunnanverðum Seyðisfirði. Tvö stærstu flóðin féllu í Strandartindi og fóru niður að vegi. Tvær rollur lentu í snjóflóði í Bjólfinum og drapst önnur þeirra en hin slapp úr flóðinu.
1/2.2.2018	Vestfirðir	32	Mörg vot flóð féllu á Vestfjörðum í kjölfar hlýinda og rigningar. Stórt snjóflóð féll á veginn í Bjarnadal á Gemlufallsheiði og nokkur flóð lokuðu veginum um Spilli í Sígandafirði. Innhljóðsmælafylki á Ísafirði greindi 5 flóð á Kirkjubólshlíð.
10/11.2.2018	Vestfirðir	64	NV–NA óveður á SV- og V-landi og á Vestfjörðum. Óvissustigi var lýst yfir um kvöldið þann 10.2 fyrir Vestfirði. Óvissustigi var aflétt á sunnanverðum Vestfjörðum kl 13:00 þann 11.2 og um morguninn þann 12. á norðanverðum Vestfjörðum. Fjölmörg snjóflóð féllu á veginn um Súðavíkurhlíð. Flóð féllu einnig á vegi á Kirkjubólshlíð og Eyrarhlíð, í Tálknafirði og Gufufirði og í Reykhólasveit. Mörg flekaflóð féllu í Seljalandshlíð og m.a. yfir veginn upp á gönguskiðasvæðið í Seljalandsdal.
4–6.3.2018	Tröllaskagi	15	Mörg flóð af stærð 2–3 féllu í Svarfaðardal og stærð 4 í Kerahnjúki og Þverárdal í Skíðadal, S–SV vísandi. Nokkur flekaflóð féllu af mannavöldum.
14/15.3.2018	Austfirðir	22	Talsvert nýsnævi var í fjöllum þann 14. þegar tók að hlýna og rigna til fjalla. Snjóflóð féll um kvöldið 14. úr Strandartindi og yfir Hánefsstaðaveg við Miðtanga. Óvissustigi fyrir Austfirði og hættustigi á Seyðisfirði var lýst yfir í kjölfarið. Vot snjóflóð féllu við Seyðisfjörð og víðar á Austfjörðum.
26.3–15.4.2018	Tröllaskagi	35	Nýsnævi var ofan á hjarni eða blautum snjó sem tók að frjósa. Óstöðugleiki og mikið um vúmp hljóð. Fáein náttúruleg flóð féllu en mörg af mannavöldum, undan skíðamönnum, beltahjólum og sleðum.
29.4–10.5.2018	Tröllaskagi	25	Mörg flekaflóð féllu í austlægum viðhorfum og einhver hengjubrot. Talsvert úthlaup var á mörgum þeirra. Flóðin voru meira inn til dala en á annesjum.

3.3 Óvissustig og rýmingar

Veturinn 2017–2018 var lýst yfir óvissustigi vegna snjóflóðahættu í sjö skipti. Einu sinni var lýst yfir hættustigi en það var á Seyðisfirði 14–15.mars.

Langvarandi norðanáttir voru á öllu landinu síðari hluta nóvember mánaðar og var óvissustigi vegna snjóflóðahættu lýst yfir í tvígang á N-Vestfjörðum. Fjöldmörg snjóflóð féllu á Vestfjörðum á þessum tíma, m.a. úr Innra Bæjargili ofan Flateyrar sem lenti á leiðigarðinum ofan byggðarinnar en nánar er fjallað um þetta flóð undir kaflanum helstu flóð vetrarins. Á Norðurlandi féllu einnig mörg flóð, þ.á.m. tvö flóð sem lentu á varnargörðum á Siglufirði. Sameiginlegt með snjóflóðahrinunum á Vestfjörðum og Norðurlandi var að lítill snjór var í fjöllum og flóðin voru þurr flekaflóð og oft á tíðum efnislítill. Flóðin voru hins vegar kröftug sem sjá mátti af flóðagrjóti og brotnum trjágróðri. Norðanáttin náði sér einnig á strik á Austfjörðum var lýst yfir óvissustigi 24–25.nóvember.

Óvissustig var aftur í gildi á norðanverðum Vestfjörðum 15–17.janúar. Snjóflóð lokuðu vegum á nokkrum stöðum þessa daga.

Vonsku veður gekk yfir Vestfirði 10–12.febrúar og var óvissustig í gildi um tíma bæði á norðan- og sunnanverðum Vestfjörðum. Snjóflóð féllu allvíða, m.a. yfir vegi á Skarðsströnd, Reykhólasveit, Gufufirði, Tálknafirði, Eyrarhlíð, Kirkjubólshlíð. Á Súðavíkurlíð voru flóð úr flestum giljum og erfitt að greina á milli flóða.

Þann 14.mars hlýnaði með rigningu í fjallahæð á Austfjörðum. Talsvert nýsnævi var í fjöllum á þessum tíma. Um kvöldið þann 14. féll flóð úr Strandartindi og yfir Hánefsstaðaveg við Miðtanga og óvissustigi var lýst yfir á Austfjörðum í kjölfarið og einnig hættustig með rýmingu á reitum 4 og 6 á Seyðisfirði en þar er atvinnuhúsnaði. Hættustigi var aflýst kl 15:15 daginn eftir og óvissustigi sömuleiðis um kvöldið.

Tafla 3. Óvissustig og hættustig vegna snjóflóðahættu veturinn 2017–2018.

Staður	Sett	Aflýst
Óvissustig, N-Vestfirðir	21.11.2017 08:30	21.11.2017 17:45
Óvissustig, N-Vestfirðir	22.11.2017 09:45	24.11.2017 09:15
Óvissustig, Austfirðir	24.11.2017 18:30	25.11.2017 13:00
Óvissustig, N-Vestfirðir	15.1.2018 10:00	17.1.2018 19:30
Óvissustig, N-Vestfirðir	10.2.2018 21:30	12.2.2018 07:00
Óvissustig, S-Vestfirðir	10.2.2018 21:30	11.2.2018 13:30
Óvissustig, Austfirðir	14.3.2018 20:00	15.3.2018 20:30
Hættustig og rýming á reitum 4 og 6 á Seyðisfirði	14.3.2018 21:00	15.3.2018 15:15

3.4 Snjóflóð á vegi

Í gagnagrunni Veðurstofunnar er skráð að ofanflóð loki vegi ef það fellur yfir þjóðveg eða aðra vegi og vegslóða sem almenningur notar til að komast á milli staða. Ofanflóð sem falla á vegi og vegslóða sem eru ekki í almennri notkun fá ekki þessa merkingu í gagnagrunninum.

Snjóflóðavakt Veðurstofunnar gerir snjóflóðaspá fyrir þrjá vegi á landinu en það er vegurinn um Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð milli Ísafjarðar og Súðavíkur, Siglufjarðarvegur og Ólafsfjarðarvegur. Talsverð umferð fólks til og frá vinnu og annarra erinda, er um þessa vegi og eru snjóflóðaspárnar gerðar fyrir Vegagerðina sem metur í framhaldi af því hvort gripið er til ráðstafana. Veturinn 2017–2018 voru skráð 62 snjóflóð sem féllu yfir þessa vegi.

Tafla 4. Fjöldi snjóflóða sem lokuðu vegum á þeim svæðum þar sem Veðurstofan gefur út snjóflóðaspá.

Vegur	Fjöldi snjóflóða
Súðavíkurhlíð	50
Kirkjubólshlíð	2
Siglufjarðarvegur	9
Ólafsfjarðarvegur	1

Alls voru skráð 129 snjóflóð og 3 skriðuföll sem féllu á vegi landsins frá 1.sept 2017–1.sept 2018 og í töflu 5 má sjá lista yfir þessi ofanflóð í rétttri tímaröð.

Tafla 5. Snjóflóð og skriður sem féllu á vegi landsins frá 1.sept 2017 til 1.sept 2018 ásamt breidd og þykkt ofanflóðs á vegi. Skriðuföll eru stjörnumerkt.

Númer	Dagsetning	Farvegur	Breidd (m)	Þykkt (m)
54144*	23.9.2017	Búlandstindur	30	1
54161	20.11.2017	Miðstrandargil		
54163	20.11.2017	Ólafsfjarðarvegur farv. 38	35	1,8
54167	20.11.2017	Miðströnd	65	1,5
54169	20.11.2017	Miðströnd		1,8
54170	20.11.2017	Miðströnd		
54171	20.11.2017	Miðströnd	65	0,7
54176	21.11.2017	Fnjóskadalur	40	1
54181	21.11.2017	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 1	4	1,2
54188	21.11.2017	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 7	28	1,6
54189	21.11.2017	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 18	21	1,1
54192	21.11.2017	Gufudalssveit	40	2
54182	21.11.2017	Ytra-Hvilftarhorn	100	0,6
54179	22.11.2017	Súðavíkurhlíð, Djúpagil (vegagerðarfarvegur 22)	60	0,7
54194	23.11.2017	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 18	21	0,8

Númer	Dagsetning	Farvegur	Breidd (m)	Þykkt (m)
54195	23/24.11.2017	Súðavíkurhlíð, Djúpagil (vegagerðarfarvegur 22)	21	0,4
54199	24.11.2017	Sjötúnahlíð	70	0,8
54232	26.12.2017	Grænafell	30	2,4
54233	26.12.2017	Grænafell	27	0,8
54269	6.1.2018	Súgandafjörður sunnanverður		
54777	5/6.1.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 19	10	0,5
54256	7.1.2018	Álftafjörður Í Ísafjarðardjúpi - að austanverðu	12	1
54778	7.1.2018	Skötufjörður	12	2,3
54780	7.1.2018	Skötufjörður	15	1
54781	7.1.2018	Skötufjörður	12	2,4
54782	7.1.2018	Skötufjörður	10	0,6
54270	9.1.2018	Súgandafjörður sunnanverður		
54267	10.1.2018	Súgandafjörður sunnanverður		
54268	10.1.2018	Súgandafjörður sunnanverður	3	0,8
54334*	12.1.2018	Hólar í Fannardal		
54280	15.1.2018	Súgandafjörður sunnanverður	100	1,3
54281	15.1.2018	Bjarnadalur vestanverður	15	0,6
54282	15.1.2018	Súgandafjörður sunnanverður	50	0,6
54289	15.1.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 9	80	0,5
54290	15.1.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 10	80	0,5
54295	15.1.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 18	100	1
54355	15/16.1.2018	Hvestunúpur		
54356	15/16.1.2018	Hvestunúpur		
54357	15/16.1.2018	Bíldudalsfjallsskriður		
54287	16.1.2018	Selabólsurð, undir Urðarskál	40	1
54323	16.1.2018	Súðavíkurhlíð, Djúpagil (vegagerðarfarvegur 22)	150	3
54317	16/17.1.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 9	50	1
54318	16/17.1.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 5	50	
54319	16/17.1.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 10	10	
54320	16/17.1.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 13	10	
54321	16/17.1.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 15	20	
54322	16/17.1.2018	Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)	120	1,8
54328	16/17.1.2018	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	60	
54329	16/17.1.2018	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	30	
54315	16/17.1.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 6	50	1,2
54316	16/17.1.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 7	50	1,3
54302	19.1.2018	Miðstrandargil	30	1
54332	20.1.2018	Miðstrandargil		
54337	20.1.2018	Miðströnd		

Númer	Dagsetning	Farvegur	Breidd (m)	Þykkt (m)
54338	20.1.2018	Miðstrandargil		
54353	20.1.2018	Súgandafjörður		
54344	22.1.2018	Gufudalssveit	20	2
54393	22.1.2018	Eyrarsveit	20	1,25
54345	23.1.2018	Skarðströnd	6	1
54349	23.1.2018	Skarðströnd		
54350	23.1.2018	Skarðströnd		
54351	23.1.2018	Skarðströnd		
54352	23.1.2018	Súgandafjörður	10	1,5
54381	24.1.2018	Hvammur - Tóarfjall		
54372	24/25.1.2018	Grænafell	50	1,5
54411	1.2.2018	Raknadalshlíð	15	
54415	1.2.2018	Raknadalshlíð	15	
54706	2.2.2018	Hvestunúpur		
54399	2.2.2018	Bjarnadalur	50	0,8
54412	2.2.2018	Ósafjörður	70	1
54416	2.2.2018	Raknadalshlíð	15	
54419	2.2.2018	Bíldudalsfjallsskriður		
54420	2.2.2018	Bíldudalsfjallsskriður		
54421	2.2.2018	Bíldudalsfjallsskriður		
54422	2.2.2018	Bíldudalsfjallsskriður		
54423	2.2.2018	Hvestunúpur		
54424	2.2.2018	Hvestunúpur		1,2
54428	2/3.2.2018	Súgandafjörður sunnanverður		
54168	2/3.2.2018	Súgandafjörður sunnanverður		
54433	7.2.2018	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar		
54446	10.2.2018	Kolgrafargil	20	0,6
54447	10.2.2018	Götugil	25	0,8
54455	10.2.2018	Eyrarhlíð 7	50	0,8
54462	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 1	45	0,8
54463	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 3	30	1,2
54464	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 4	55	1,5
54465	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 5	55	2,2
54466	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 6	30	1,8
54467	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 7	30	2,5
54469	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 8	50	2,4
54470	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 9	16	1,8
54471	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 10	30	2
54472	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 11	25	3,5

Númer	Dagsetning	Farvegur	Breidd (m)	Þykkt (m)
54473	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 12	10	0,5
54474	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 13	40	1,5
54475	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 15	30	2
54476	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 16	35	1,5
54478	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 18	32	2,6
54479	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 20	31	2,6
54480	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, Fjárgil (vegagerðarfarvegur 21)	50	1,6
54481	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, Djúpagil (vegagerðarfarvegur 22)	35	2,2
54482	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	25	1,2
54761	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 3	21	1
54762	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 7	10	1,4
54468	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 13	10	0,5
54763	10.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 14	10	0,8
54764	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 18	25	2
54765	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 20	40	1,3
54766	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	20	1
54767	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	22	1
54493	10/11.2.2018	Karlsárgil		
54513	10/11.2.2018	Ófæruhlíð		
54662	10/11.2.2018	Barðaströnd og innsveitir		
54693	10/11.2.2018	Barðaströnd og innsveitir		
54456	10/11.2.2018	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 2	45	2,2
54491	11.2.2018	Steiniðjugil		
54448	11.2.2018	Tálknafjörður, austan þéttbýlis		1,5
54453	11.2.2018	Suðurfirðir		
54454	11.2.2018	Gufudalssveit		
54484	11.2.2018	Reykhólasveit		
54490	11.2.2018	Strandir	80	3
54457	11.2.2018	Ytri-Kirkjubólshlíð	30	1,4
54768	11.2.2018	Ytri-Kirkjubólshlíð	68	1,4
54485	11.2.2018	Raknadalshlíð		
54500	14.2.2018	Bjarnadalur	50	0,7
54505	14.2.2018	Hestfjörður	100	
54507	14.2.2018	Raknadalshlíð		
54509	14/15.2.2018	Súgandafjörður		
54608*	11.3.2018	Suðursveit		
54615	14.3.2018	Miðtangi	20	
54755	19.5.2018	Súgandafjörður sunnanverður		2
54756	21.5.2018	Súgandafjörður sunnanverður		1

3.5 Snjóflóð af mannavöldum

Veturinn 2017–2018 voru skráð 63 snjóflóð af mannavöldum. Eitt flóð féll í lok desember, sex í janúar og ekkert flóð var skráð í febrúar. Öll önnur flóð af mannavöldum féllu á rúmlega tveggja mánaða tímabili frá fyrstu vikunni í mars fram í miðjan maí. Göngumaður slasaðist alvarlega í snjóflóði við Ísafjörð í maí og í sama mánuði voru tveir menn hætt komnir vegna ofkælingar eftir að hafa sett af stað snjóflóð í Grímsfjalli á Vatnajökli. Tafla 6 sýnir öll flóð af mannavöldum þennan vetur.

Tafla 6. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2017–2018. G: Göngumaður, S: Skíðamaður V: Vélsleði, T: Snjótroðari, M: Af mannavöldum/ótilgreint.

Númer	Dagsetning	Farvegur	Stærð	Orsök	Lýsing
54237	28.12.2017	Steingrímsfjörður og Kollafjörður	2	V	Vélsleði lenti í litlu snjóflóði þegar hengja sprakk fram
54346	21.1.2018	Mosfellsbær	1	G	Lítið flekaflóð brast undan göngumanni í Reykjborg í Mosfellsbæ. Maðurinn barst stutta vegalengd með flóðinu en var ekki meint af. Þykkt flekans var um 30 cm.
54341	21.1.2018	Höfðahverfi	2	V	Þunnt en nokkuð breitt flekaflóð féll undan vélsleða í SV-vísandi hlíð skammt frá Kaldbak.
54398	23.1.2018	Bjölfur	1,5	M	Tvær kindur lentu í snjóflóði ofan við Jókugil í Bjólfinum. Önnur kindin drapst en hin slapp úr flóðinu.
54375	25.1.2018	Hengill	1,5	V	Lítið flekaflóð féll undan vélsleða á Hellisheiði. Flóðið féll í stuttri brekku skammt frá gamla skíðaskálanum. Annað flóð féll á svipuðum stað sama dag
54376	25.1.2018	Hengill	1,5	V	Lítið flekaflóð féll undan vélsleða á Hellisheiði. Flóðið féll í stuttri brekku skammt frá gamla skíðaskálanum. Annað flóð féll á svipuðum stað sama dag
54397	31.1.2018	Skálafell, skíðasvæði	1	S	Lítið flekaflóð féll undan skíðamanni utan við troðnar leiðir í Skálafelli
54588	5.3.2018	Fljót	2	T	Nokkur flekahlaup féllu í Fljótum á Tröllaskaga. Flekarnir voru litlir og runnu stutt en brotstálið var allt að 1 metri.
54574	6.3.2018	Ufsaströnd	1,5	S	Skíðamaður setti flekaflóð af stærð 1,5 af stað í vestur vísandi brekku í Karlsárdal. Flekinn var um 40 cm þykkur og fór af stað í um 900 m hæð.
54575	6.3.2018	Ufsaströnd	1,5	S	Skíðamaður setti af stað lítið flekahlaup í V-vísandi hlíð í Karlsárdal.
54576	6.3.2018	Brimnesdalur	1	S	Lítið flekahlaup féll undan skíðamönnum í gili undir Gvendarskál í um 300 m hæð.
54589	8.3.2018	Fljót	1	S	Litlir 20–30 cm þykkir vindflekarnir brustu undan skíðamönnum í vestur vísandi hlíðum í Fljótum.
54599	9.3.2018	Fljót	1	S	Nokkur lítil snjóflóð voru sett af stað í skíðaprófunum.

Númer	Dagsetning	Farvegur	Stærð	Orsök	Lýsing
54604	9.3.2018	Skarðsdalur	2,5	S	Skíðamenn settu af stað snjóflóð þegar þeir voru að skinna upp á Leyningssúlur úr Skarðsdal. Mennirnir lentu í jaðrinum á flóðinu og náðu að koma sér úr því.
54601	9.3.2018	Skarðsdalur	2,5	S	Skíðamenn gengu út á hengju austan við Illviðrishnjúk, sem féll og tók með sér lausan snjó í hlíðinni niður í skálina fyrir neðan.
54600	9.3.2018	Fljót	3	S	Skíðamenn settu af stað stórt flekaflóð upp undir efstu brún Skagafjarðarmegin í Illviðrishnjúki. Þeir voru að prófa brekkuna með hoppum og settu þá af stað um 300 m breiðan fleka fyrir neðan sig.
54603	10.3.2018	Tröllaskagi	2	S	Snjóflóð féll í gili í austanverðum Héðinsfirði ofan við gangamunnann, líklega sett af stað af skíðamanni.
54609	12.3.2018	Skarðsdalur	2,5	V	Maður á vélsleða setti af stað kröftugt flekaflóð í Afglapaskarði þegar hann skar hlíðina á sleðanum. Hann náði að aka frá flóðinu sem kom niður á miklum hraða og með kófi.
54610	12.3.2018	Ólafsfjarðarmúli	3	S	Skíðahópur renndi sér niður harðfenni í jaðri vindfleka. Þegar einn úr hópnum fór inn á vindflekann, brast hann.
54620	14.3.2018	Ólafsfjörður, dreifbýli	3	S	Skíðamaður setti snjóflóð af stað í austurvísandi brekku í 650 m hæð. Flóðið var um 60 m breitt og 1,5 m þykkt brotstál þar sem það var þykkast.
54658	19.3.2018	Fannardalur	1	V	Smá sólbráðarspýja féll þegar maður var að losa vélsleða í brattri brekku sunnan við Skeiðfell í Fannardal. Vélsleði og maður bárust spölkorn með flóðinu.
54633	22.3.2018	Ólafsfjörður, dreifbýli	2	S	Um 30 m breitt flekaflóð féll undan skíðamanni í bröttu N-vísandi gili í um 1200 m hæð. Flekinn var 10–25 cm þykkur. Nokkur lítil, náttúruleg flekaflóð höfðu einnig fallið á svæðinu.
54257	23.3.2018	Bláfjöll, skíðasvæði	2	T	Snjótroðari ýtti niður hengjum í Sólskinsbrekkunni í Bláfjöllum.
54663	25.3.2018	Fjallabak	2	V	Maður á sleða kom af stað flekaflóði á niðurleið í nokkuð brattri A-vísandi brekku. Ökumaður náði að komast út úr og undan flóðinu.
54666	26.3.2018	Fljót	1	S	Skíðamaður setti af stað lítið flóð í vestur vísandi hlíð í um 300 m y.s.
54671	28.3.2018	Skarðsdalur	1	S	Litlu flekaflóði var komið af stað með skíðaprófun í N-vísandi hlíð í 600 m hæð í Illviðrishnjúki.
54676	29.3.2018	Fljót	1,5	S	Skíðamenn settu af stað flóð í þunnum vindfleka í SV viðhorfi.
54677	29.3.2018	Fljót	1,5	S	Skíðamaður kom af stað þunnu snjóflóði í SV viðhorfi.
54681	28/29.3.2018	Höfðahverfi	1	V	Lítið snjóflóð féll í NV viðhorfi, NA af Grenivík. Líklega sett af stað af sleðamönnum.


Númer	Dagsetning	Farvegur	Stærð	Orsök	Lýsing
54682	29.3.2018	Framdalur	1	S	Skíðamenn komu af stað litlu flóði í u.þ.b. 1100 m hæð og vestur viðhorfi.
54680	29.3.2018	Skarðsdalur	1	S	Skíðamaður kom af stað flóði í Leyningssúlum.
54684	29.3.2018	Brimnesdalur	1,5	S	Þunnt flekaflóð féll undan skíðamanni í um 600 m hæð í vestur viðhorfi í Múlakollu.
54685	1.4.2018	Utanvert Hérað	2	V	Sleðamenn komu af stað snjóflóði í gili við Vestdalsvatn.
54686	2.4.2018	Tröllaskagi	2	S	Skíðamaður setti af stað flekaflóð í um 900 m hæð og NV-viðhorfi.
54688	4/5.4.2018	Héðinsfjörður	1,5	S	Lítið flekaflóð féll í Héðinsfirði í hlífðinni fyrir ofan gangamunnann til Ólafsfjarðar. Talið er líklegt að flóðið hafi verið sett af stað af skíðamanni.
54708	5.4.2018	Hrafnfjörður	1,5	S	Skíðamenn settu flekaflóð af stað í Hrafnfirði í Jökulfjörðum þegar þeir skinnuðu upp. Flóðið fór af stað í brattri, kúptri brekku og SV-viðhorfi í um 250 m hæð.
54710	5.4.2018	Fljót	2	V	Vélsleðar settu flekaflóð af stað með fjarbroti í V-viðhorfi í Ólafsfjarðardal, Fljótum.
54703	5.4.2018	Ólafsfjarðarmúli	2	S	Snjóflóð féll í Stofugili og stöðvaðist í gilbotninum skammt ofan við þar sem gilið sveigir til austurs.
54709	5.4.2018	Úlfsdalir og Engidalur	2	S	Skíðamenn settu flekaflóð af stað í 700 m hæð í Torfadal, Fljótum. Flekinn var um 75 m breiður og fór af stað milli kletta í brattri hlíð og V-viðhorfi og rann niður um 100 m.
54704	6.4.2018	Í Fjörðum	2,5	V	Flekaflóð af stærð 2–2,5 féll undan vélsleða í Fjörðum.
54699	7.4.2018	Í Fjörðum	1,5	V	Lítill fleki brast undan vélsleða eða beltahjóli í Fjörðum.
54705	7.4.2018	Reykjadalur	2	V	Vélsleði setti af stað flekaflóð austanvert í Reykjadal ofan Lágheiðar. Brotstál flóðsins var allt að 1,5 m þar sem það var þykkast og nokkuð langt.
54555	8.4.2018	Ufsaströnd	2,5	V	Vélsleði setti flekaflóð af stað í Böggvisstaðadal ekki langt frá skálanum Mosa.
54716	8/9.4.2018	Kerlingafjöll	2,5	V	1–1,2 m þykkur og 100–150 m breiður fleki sprakk undan vélsleða í austurvísandi brekku í Kerlingarfjöllum. Ökumanni tókst að keyra upp úr flóðinu.
54556	9.4.2018	Í Fjörðum	2	S	Skíðamenn settu af stað þunnt en breitt flekaflóð í Sveigsfjalli í Hvalvatnsfirði. Brotstál flóðsins var um 150 m langt og um 40 cm þar sem það var þykkast. Flóðið fór af stað í um 700 m hæð og SA-viðhorfi.
54711	10.4.2018	Fljót	2	S	Þéttur fleki sprakk undan skíðamanni í 900 m hæð á köntuðum kristöllum í A-viðhorfi. 150 m br. og 100 m fallhæð.
54712	10.4.2018	Fljót	2	S	Fleki fór af stað í ANA viðhorfi þegar stærra flekahlauþ féll undan skíðamanni í sömu skál.

Númer	Dagsetning	Farvegur	Stærð	Orsök	Lýsing
54714	11.4.2018	Fljót	2	S	Þriggja manna fjölskylda lenti í snjóflóði, stúlka barst með því og týndi búnaði.
54715	15.4.2018	Glerárdalur	2	V	50–70 m breiður fleki féll undan vélsleða í brattanum undir Tröllunum í Glerárdal
54720	1.5.2018	Tröllaskagi	1,5	S	Flekaflóð féll undan skíðamanni í brattri brekku í 1100 m hæð og V-viðhorfi. Enginn lenti í flóðinu sem var um 200 m breitt og rann um 100 m vegalengd.
54721	1.5.2018	Tröllaskagi	1	S	Lítill fleki brast undan skíðamanni í um 1100 m hæð.
54701	30.4/1.5.2018	Arnfinnsfjall	1,5	S	Óljósar upplýsingar bárust um að maður á fjallaskíðum hefði lent í snjóflóði í Ytriárdal en ekki orðið meint af.
54722	2.5.2018	Skíðadalur	1	S	Lítið flekaflóð féll undan skíðamanni í stuttri, brattri brekku. Enginn lenti í flóðinu.
54723	2.5.2018	Skíðadalur	1,5	S	Skíðamaður setti um 50 m breitt flekaflóð af stað með fjarbroti. Enginn lenti í flóðinu.
54726	1/2.5.2018	Vesturkjálki Svarfaðardals	2	S	Flekaflóð féll í NNA hlíðum Auðnasýlingu, mögulega undan skíðamanni.
54731	7.5.2018	Austurkjálki Svarfaðardals	2	M	Flekaflóð féll í norðurhlíð Hádegisfjalls í um 1100 m hæð þegar þyrta lenti á toppi fjallsins.
54732	7.5.2018	Framdalur	2	V	Flekahlaup féll skammt norðan skálans á Heljardalsheiði, úr brattri brún við efstu drög Svarfaðardals, með viðhorf til ANA. Brotstálið var um 300 m breitt og um 1 m hátt.
54733	8.5.2018	Ólafsfjörður, dreifbýli	2,5	S	Skíðamaður setti snjóflóð af stað í Húngilsdal og barst með flóðinu. Hann grófst upp að hnjám í flóðinu en slasaðist ekki.
54734	8.5.2018	Hörgárdalur, framdalur, vestanv.	2	V	Flekahlaup féll í brattri, stuttri A-vísandi brún í botni Hörgárdals líklega við það að tveimur vélsleðum var ekið á flatanum neðan brekkunnar, um 200 m frá.
54747	17.5.2018	Fljót	2	S	Skíðamaður kom af stað blautu flekaflóði suður af Lambahnjúk í SA viðhorfi.
54748	17.5.2018	Vatnajökull	2,5	S	Tveir skíðamenn settu af stað snjóflóð í Grímsfjalli á Vatnajökli. Þeir bárust með flóðinu og töpuðu hluta af búnaði sínum, en náðu að krefsa sig úr flóðinu og senda neyðarboð. Þeim var bjargað af björgunarsveitum um nóttina.
54750	21.5.2018	Miðhálandið	2	V	Vott flekaflóð brast undan vélsleða sem ekið var upp bratta brekku við Skriðukróka. Ökumaðurinn barst ásamt sleðanum með flóðinu en náði að aka úr því.
54751	21.5.2018	Seljalandshlíð	2	G	Göngumaður slasaðist alvarlega í snjóflóði í Karlsárgili. Hann kom inn í gilið ofan frá og setti af stað fleka undir brún. Maðurinn barst með flóðinu niður allt gilið en grófst ekki.


3.6 Snjódýptarmælingar

Snjódýpt er mæld í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð. Að neðan eru snjódýptarlínurit frá Ísafirði, Siglufirði og Neskaupstað sem gefa ágætis mynd af snjósöfnun vetrarins. Um er að ræða lóðréttu snjósöfnun sem lesin er af stikum sem komið er fyrir í hlíðum ofan bæjanna. Lítill eða enginn snjór var í fjöllum víðast hvar í október en eftir miðjan nóvember tók snjór að safnast í fjöll sem kemur vel fram á snjódýptarlínuritunum. Fyrri hluti desember mánaðar var mildur og lítið bætti á snjó en svo jókst snjódýpt á Austfjörðum í lok desember. Á Vestfjörðum og Norðurlandi bætti einnig á snjó í norðlægum áttum í lok desember en það kemur ekki vel fram á línuritunum. Snjódýpt jókst á Vestfjörðum og Norðurlandi í janúar og febrúar en á Austfjörðum tók mikið upp af snjó í hláku um miðjan janúar. Hlýindi og hláka á landinu í lok febrúar koma vel fram sem minnkun á snjódýpt á öllum þeim stöðum sem snjódýpt var mæld. Snjór var enn í hámarki í fjöllum á Austfjörðum í byrjun apríl en svo tóku við hlýindi þegar leið á vorið og snjó tók hratt upp. Snjódýpt var ekki mæld á stikum á Vestfjörðum eftir miðjan apríl en vorið var kalt og enn talsverður snjór í fjöllum í lok maí og byrjun júní. Á Norðurlandi var almennt lítill snjór í fjöllum þennan vetur.


Í viðauka I eru línurit frá öllum þeim stöðum þar sem snjódýpt er lesin af stikum.



Mynd 6. Snjódýpt í Seljalandshlíð í Skutulsfirði veturinn 2017–2018. Hæð stika ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 7. Snjódýpt ofan Siglufjarðar veturinn 2016–2017. Hæð stika ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 8. Snjódypt í Tröllagili ofan Neskaupstaðar veturinn 2017–2018. Hæð stika er tilgreind aftan við stikunafn.

4. Helstu snjóflóð vetrarins

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum flóðum vetrarins. Margir ólíkir þættir eru skoðaðir til að meta hvort flóð telst markvert. Flóð sem valda eignatjóni eða slysum á fólki teljast alltaf markverð. Stórt snjóflóð þarf hinsvegar ekki endilega að teljast markvert ef það fellur í þekktum snjóflóðafarvegi þar sem stór snjóflóð eru tíð. Snjóflóð sem fellur á óvenjulegum stað gæti hinsvegar talist markvert þó að það sé ekki stórt. Hverju flóði fylgir kort sem sýnir útlínur eða staðsetningu flóðsins ef útlínur eru ekki til.

- Útlínur snjóflóða mældar
- Útlínur snjóflóða öruggar
- - - Útlínur snjóflóða óvissar
- - - Útlínur snjóflóða ónákvæmar

Mynd 9. Mismunandi nákvæmni á útlínum snjóflóða.

Veðuraðdragandi snjóflóðanna var skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Fyrir hvert flóð eru línurit sem sýna hitastig, uppsafnaða úrkomu, vindhraða og vindátt dagana áður en flóðið féll. Valdar voru veðurstöðvar sem voru næstar umræddum flóðum til þess að fá sem besta mynd af veðuraðdragandanum. Veðurstöðvarnar gefa þó aðeins vísbendingar um veðrið á þeim stað þar sem snjóflóðið féll vegna áhrifa frá landslagi, fjarlægð veðurstöðva frá viðkomandi flóði o.fl. Fjalllendi hefur mikil áhrif á vindstyrk og vindátt og þess vegna eru þessir veðurþættir oft sóttir í veðurstöðvar sem geta verið í talsverðri fjarlægð frá flóðinu. Landslag og fjöll hafa einnig mikil áhrif á úrkomu og má gera ráð fyrir að úrkoma hafi verið talsvert meiri á upptakasvæðum flóðanna en línuritit sýna. Ef nákvæm tímasetning er til fyrir tiltekið flóð er það teiknað sem græn lóðrétt lína. Ef nákvæm tímasetning er ekki til, er tímabilið sýnt sem grænt bil.

4.1 Sveinsstaðaskál í Skíðadal

Númer	20620	Tegund	Þurrt flekahlaup	Stöðvunarst.	300 m y.s.
Dags	23/24.11.2017	Stærð	4	Þykkt tungu	0,6 m
Tími	Óþekktur	Upptök	1260 m y.s.	Breidd tungu	500 m

Mjög stórt snjóflóð féll fram úr Sveinsstaðaskál. Flóðið var um 500 m breitt og kom niður skammt sunnan við eyðibýlið Sveinsstaði og yfir Skíðadalsá. Þunn tungan smurðist yfir allt úthlaupsvæðið og bar mikið af grjóti og gróðurleifum með sér. Mikið af grjótinu sem barst með flóðinu var allt að 50 cm í þvermál og stærsti steinninn sem sást um 100–150 cm á kant.


Flóðið féll sennilega 23–24. nóvember en uppgötvaðist ekki fyrr en nokkrum vikum síðar. Þegar flóðið var mælt hafði hlánað og snjóað aftur en ummerki voru enn nokkuð greinileg. Flóðið fór yfir gil sem liggur eftir brún Sveinsstaðaskálar og svo til þvert á flóðstefnuna. Neðri gilbarmurinn er víða 30–40° brattur og 10–15 m hár og því ekki ólíkur varnargarði að lögun. Gilið var hálsnjólaust en neðri barmurinn smurður glerjaðri snjóskán og grjótdreif. Í hlíðinni neðan við var mjög lítill snjór úr flóðinu en töluvert af grjóti, gróðurleifum og stórum torfum sem

höfðu borist með flóðinu. Jaðar flóðsins var óvíða mjög greinilegur en mörkin sem mæld voru eru lágmarks breidd flóðsins. Líklegast er að flóðið hafi ekki náð norður fyrir Sveinsstaðaskál en ekki sást hve langt suður í skálina flóðið féll þó mörkin hafi verið frekar greinileg á skálarbrúninni. Flóðið náði norður yfir gil Bæjarár þar sem það kemur úr Sveinsstaðaskál en jaðarinn var óljós ofan Stekksins sem er lítil en greinileg grjóthleðsla við eyðibýlið Sveinsstaði. Stekkurinn var óskemmdur en líklega hefur flóðið fallið alveg upp að honum því hluti tungunnar sást norðan og neðan hans. Flóðið féll fram á árbakka Skíðadalsár eða yfir hana samfellt á um 500 m kafla. Greinileg ummerki tungunnar náðu a.m.k. 40 m handan árinna. Sökum þess hve flóð þetta var víðáttumikið var kortið hér að ofan haft í mælikvarðanum 1:50.000 en ekki 1:20.000 eins og fyrir önnur markverð flóð þennan vetur og rétt að hafa það í huga við samanburð.



Veðuraðdragandi

Eftir miðjan nóvember voru ríkjandi norðlægar áttir á Norðurlandi, talsvert frost til fjalla en ekki ýkja mikil úrkoma í fyrstu. Þann 20. jókst úrkoma á Ólafsfirði í formi snjókomu og hélt áfram að snjóa á Ólafsfirði næstu daga. Það bætti jafnframt í norðanáttina þegar leið á mánuðinn sem náði hámarki 23–24. nóvember en þá fór meðalvindhraði um og yfir 20 m/s í Grímsey.



Mynd 10. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Sveinsstaðaskál í Skíðadal. Línuritín sýna úrkomu á Ólafsfirði og vind í Grímsey. Gögn um lofthita eru fengin frá veðurstöðinni á Öxnadalshéiði sem er 540 m y.s.



Mynd 11. Mikið af stóru flóðagrjóti barst niður með flóðinu úr Sveinsstaðaskál.




Mynd 12. Flóðið féll fram á árbakka Skíðadalsár eða yfir hana samfellt á um 500 m kafla. Greinileg ummerki tungunnar náðu a.m.k. 40 m handan árinna.

4.2 Fífladalagil, Siglufirði

Númer	54229	Tegund	Þurrt flekahlaup	Stöðvunarst.	70 m y.s.
Dags	20–25.11.2017	Stærð	2,5	Þykkt tungu	0,6 m
Tími	Óþekktur	Upptök	320 m y.s.	Breidd tungu	120 m

Kröftugt snjóflóð féll í Fífladalagili við Siglufjörð einhvern tíma í snjóflóðahrinunni 20–25. nóvember. Flóðið uppgötvaðist nokkrum vikum eftir að það féll og ummerki því að einhverju leyti horfin þegar það var mælt. Flóðið var ekki efnismikið en dreifði mikið úr sér á aurkeilunni fyrir neðan Fífladalagil og stöðvaðist á tveimur þvergörðum sem nefndir eru Skálarípill og Skriðurípill. Flóðið braut girðingarstaura, reif upp girðingu og stórt bjarg á vegslóða ofan við varnargarðana hreyfðist úr stað. Engin ummerki eftir flóðið sáust neðan varnargarðanna.




Er þetta í annað sinn svo vitað sé sem snjóflóð hafnar á varnargarði neðan við Fífladalagili en flóð féll einnig á Skálarípil í desember 2014.

Brotstál sást rétt neðan við stallinn í Fífladalagili í um 320 m hæð. Ekki sáust ummerki ofan við stallinn og ósennilegt að þau hafi verið í Grindagili vegna þess að þar eru komin upptakastöðvirki.

Veðuraðdragandi

Eftir miðjan nóvember voru ríkjandi norðlægar áttir á Norðurlandi, talsvert frost til fjalla en ekki ýkja mikil úrkoma í fyrstu. Þann 20. jókst úrkoma á Ólafsfirði í formi snjókomu og hélt áfram að snjóa á Ólafsfirði næstu daga. Það bætti jafnframt í norðanáttina þegar leið á mánuðinn sem náði hámarki 23–24. nóvember en þá fór meðalvindhraði um og yfir 20 m/s í Grímsey.



Mynd 13. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Fífladalagili. Línuritín sýna hitastig og úrkomu á Siglufirði og vind í Grímsey.




Mynd 14. Stór steinn á vegslóða ofan við þvergarðana færðist úr stað í flóðinu úr Fífladalagili. Þvergarðurinn Skálarrípill sést handan við steininn. Greina má flóðasnjó á þvergarðinum og leifar af girðingu sem flóðið tók með sér.

4.3 Strengsgil, Siglufirði

Númer	54178	Tegund	Þurrt flekahlaup	Stöðvunarst.	20 m y.s.
Dags	21/22.11.2017	Stærð	2,5	Þykkt tungu	0,8 m
Tími	Óþekktur	Upptök	500 m y.s.	Breidd tungu	45 m


Öflugt en þunnt flekahlaup féll í Strengsgili og á leiðigarðinn Stóra Bola sem fylgir giliinu til suðurs. Flóðið fylgdi garðinum og stöðvaðist við tjörn við enda garðsins. Flóðið virtist eiga upptök í brúninni í 500 m hæð og bar með sér mikið grjót. Mikil köggladreif sást á holtinu sunnan gilsins.

Flóðið felldi SM4 snjódýptarmæli sem hafði nýlega verið settur upp á gormastiku og braut hana. Gögn frá mælinum héldu áfram að berast í nokkurn tíma eftir að flóðið féll en hann fannst ekki fyrr en þann 30. sama mánaðar með málmleitartæki. Margir metrar af girðingum rifnuðu upp upp í flóðinu og stórir steinar veltust. Þykkt flóðsins var mæld nokkuð þétt og reyndist meðalþykkt vera um 80 cm að en mest um 220 cm.



Veðuraðdragandi

Eftir miðjan nóvember voru ríkjandi norðlægar áttir á Norðurlandi, talsvert frost til fjalla en ekki ýkja mikil úrkoma í fyrstu. Þann 20. jókst úrkoma á Ólafsfirði í formi snjókomu og hélt áfram að snjóa á Ólafsfirði næstu daga. Það bætti jafnframt í norðanáttina þegar leið á mánuðinn sem náði hámarki 23–24. nóvember en þá fór meðalvindhraði um og yfir 20 m/s í Grímsey.



Mynd 15. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Strengsgili á Siglufirði. Línuritinn sýna hitastig og úrkomu á Siglufirði og vind í Grímsey.



Mynd 16. Gróf útlína flóðsins úr Strengsgili sem fór á leiðgarðinn Stóra Bola ofan Siglufjarðar




Mynd 17. Horft upp eftir leiðgarðinum Stóra Bola og upp í Strengsgil. Sjá má gróft yfirborð snjóflóðatungunnar með dreif af steinum og gróðurleifum og hvar flóðið hefur farið á varnargarðinn.

Innra Bæjargil, Flateyri

Númer	54210	Tegund	Þurrt flekahlaup	Stöðvunarst.	10 m
Dags	21–24.11.2017	Stærð	3	Þykkt tungu	0,6 m
Tími	Óþekktur	Upptök	Óþekkt	Breidd tungu	80 m


Stórt snjóflóð féll úr Innra-Bæjargili ofan við Flateyri. Flóðtungan var mest rúmlega 1,5 m þykk en víðast hvar var hún mun þynnri. Flóðið lenti á leiðigarðinum sem bægði flóðinu til vesturs og frá byggðinni. Þar sem flóðið lenti á leiðigarðinum mátti sjá ummerki eins og brotnar trjágreinar og bælda lúpínu. Um 4 metrar voru frá efstu ummerkjum og að hæsta punkti leiðigarðsins. Nokkrir stórir steinar bárust með flóðinu, þeir stærstu rúmur metri á breidd sem stöðvuðust skammt ofan við varnargarðinn. Nokkuð hafði snjóað yfir flóðið þegar það uppgötvaðist í vettvangsferð þann 29.9

Á varnargarðana á Flateyri hafa fallið yfir tíu snjóflóð frá því að þeir voru byggður árið 1997. Þetta flóðið hefði líklega dreift meira úr sér ef varnargarðurinn hefði ekki verið en mögulega náð efstu húsum við Ólafstún.



Veðuraðdragandi

Langavarandi norðlægar áttir voru á Vestfjörðum seinni hluta nóvember mánaðar, kalt í veðri og eljagangur. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll en líklegast er að það hafi fallið þegar úrkoma og norðanáttin var í hámarki dagana 21–24. nóvember. Nokkuð hafði snjóað yfir flóðið þegar það uppgötvaðist.



Mynd 18. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Innra-Bæjargili ofan Flateyrar. Línuritinn sýna úrkomu á Flateyri en vind og hitastig á Þverfjalli.




Mynd 19. Óliver Hilmarsson við mælingar á flóðinu úr Innra-Bjargili ofan Flateyrar. Mesta mældu dýpt á flóðtungunni var um 160 cm og stærstu steinarnir rúmur metri á breidd.

4.4 Hrafnagil, Ísafirði

Númer	54751	Tegund	Vott flekahlaup	Stöðvunarst.	150 m y.s.
Dags	21.5.2018	Stærð	2	Þykkt tungu	0,5 m
Tími	15:00–16:15	Upptök	650 m y.s.	Breidd tungu	19 m


Göngumaður slasaðist í snjóflóði í Hrafnagili. Hann hafði gengið uppá Eyrarfjall frá Gleiðarhjalla og var á niðurleið þegar votur fleki fór af stað sem tók hann niður allt gilið. Gilið er þröngt með klettum beggja vegna og mikið af grjóti stóð upp úr snjónum þegar flóðið féll. Maðurinn missti fljótlega meðvitund eftir að hafa lamist í grjót og ís á leiðinni niður gilið. Hann endaði á grúfu ofan á tungu flóðsins og rankaði þar við sér eftir einhvern tíma alblóðugur. Maðurinn skarst á höfði, og fékk áverka á öxl og hálsi. Hann gekk af sjálfsdáðum áleiðis niður hlíðina neðan við gilkjaftinn þar sem fólk á göngu varð hans vart. Hann var fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Mikið mildi þykir að ekki hafi farið verr en maðurinn náði sér og hlaut ekki varanlegan skaða.

Flóðið var ekki stórt en hefði getað grafið manneskju þar sem mesta dýpt var um 2 m. Punktalínán sýnir leið mannsins frá brún Eyrarfjalls niður í gilið og stjarnan sýnir hvar maðurinn endaði í tungu flóðsins.



Veðuraðdragandi



Á laugardegi 19. maí rigndi á láglandi og snjóaði í fjallahæð. Sólarhringsúrkoma mældist 21 mm á Ísafirði. Á sunnudegi 20. maí snjóaði meira eða minna allan daginn og jörð hvítnaði á láglandi. Á suma snjódýptarmæla bættust 20 cm. Á mánudegi, þegar flóðið féll, var stillt veður og sólskin og fóru lausaflóð af stað í Seljalandshlíð þegar sólin skein á hlíðina. Þetta flóð var hinsvegar flekaflóð.



Mynd 20. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Hrafnagili við Ísafjörð. Línuritinn sýna úrkomu á Ísafirði en vind og hitastig á Pverfjalli.



Mynd 21. Upptök flóðsins í Hrafnagili. Greina má fótspor göngumannsins frá fjallsbrúninni og niður gilið og inn á flekann sem brast undan honum.




Mynd 22. Myndin vinstra megin sýnir farveg flóðsins og drullurák niður þröngt gilið. Myndin hægra megin sýnir tungu flóðsins neðst í þröngu og klettóttu gilin. Greina má reikul fótspor göngumannsins í snjónum neðan við flóðið.

4.5 Grímsfjall, Vatnajökli

Númer	54748	Tegund	Purrt flekahlaup	Stöðvunarst.	Óskráð
Dags	17.5.2018	Stærð	2,5	Þykkt tungu	Óskráð
Tími	16:00	Upptök	1600 m y.s.	Breidd tungu	Óskráð


Tveir ferðamenn sem hugðust ganga yfir Vatnajökul á fjallaskíðum settu af stað snjóflóð í Grímsfjalli á Vatnajökli. Þeir höfðu lent í slæmu veðri og skyggni og fóru af leið. Þeir bárust með flóðinu og töpuðu skíðunum og annarri púlkunni en náðu að krafsa sig úr flóðinu. Þeir virkjuðu þá neyðarsendi og reyndu að komast upp á Grímsfjall með því að ganga svolítið í suður og þá leið upp. Þeir gáfust fljótlega upp á að draga seinni púlkuna með sér og ákváðu að grafa sig í fönn.



Björgunarsveitir fengu neyðarboðið um kl. 19:00 og fyrstu björgunarsveitarmenn komu á staðinn þaðan sem boðin bárust á miðnætti. Búnaður manna fannst um tvö leytið og mennirnir sjálfir fundust um kl. þrjú.

Veðuraðdragandi

Slæmt veður var og mikill skafrenningur þegar flóðið féll. Þegar veðurgögn eru skoðuð í Jökulheimum, í um 726 m y.s., sést að það hvesir með SA átt og úrkomu daginn sem flóðið féll.



Mynd 23. Veðuraðdragandi snjóflóðsins á Grímsfjalli. Línuritir sýna hitastig, úrkomu og vind í Jökulheimum.

Heimildir

Snjóflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands.

Bloggsíða snjóflóðavaktar VÍ: <http://blog.vedur.is/snjoflod/>

Trausti Jónsson (2018). Tíðarfarsyfirlit 2017 og 2018. Sótt 10.09.2018 af



<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2017>

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2018>


Snjóflóðatilkynningar: <https://www.facebook.com/groups/129168050599372/>

Viðauki I. Snjódýptarmælingar


Línrit fyrir allar snjódýptarmælingar sem lesnar voru af stikum veturinn 2017–2018.




Ísafjörður/Hnífsdalur - Búðarh./Bakkah./Brattahl./Gleibarhj. 2016/2017




Ísafjörður - Seljalandshlíð 2016/2017











Súðavík 2016/2017





Siglufjörður 2016/2017









Viðauki II. Skráð snjóflóð veturinn 2017–2018

Skýringar við annál

Annállinn inniheldur öll snjóflóð sem voru skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar veturinn 2017–2018. Í annálnum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnagrunninum og eru þær útskýrðar nánar hér.

Farvegur: Öll flóð eru skráð í fyrirfram skilgreinda farvegi.

Dagsetning: Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

Númer: Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

Tegund: S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa lágvísinn „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

Stærð: Snjóflóð eru flokkuð í stærðir með hliðsjón af kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru frá 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

Lengd/breidd/dýpi: Lárétt lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (táknað „Le/Br/Dp“ í töfluhátt og gefið upp í metrum).

Skráð ofanflóð veturinn 2017/2018

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ staerð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Reykjavík og nærsveitir					
Sólskinsbrekkan, frá Kóngi suður fyrir æfingarbakka	13/14.11.2017	54160	F/1		Tvær spýjur féllu sitt hvoru megin við Kóngslyftuna í Bláfjöllum. Skíðasvæðið var lokað þegar flóðin féllu.
Bláfjöll og nágrenni	20–24.1.2018	54378	F/1.5		Flekaflóð féll í NV-vísandi gili skammt frá Rauðuhnjúkum í Bláfjöllum.
Esja	20/21.1.2018	54377	F/2		Breit flekaflóð féll rétt ofan við gilbotn í Grafardal að vestanverðu. Flóðið féll stutt en hrúgaðist upp í gilbotni og var nokkuð þykkt.
Mosfellsbær	21.1.2018	54346	F/1	–/50/–	Lítið flekaflóð brast undan göngumanni í Reykjaborg í Mosfellsbæ. Maðurinn barst stutta vegalengd með flóðinu en varð ekki meint af. Þykkt flekans var um 30 cm.
Hengill	25.1.2018	54376	F/1.5		Lítið flekaflóð féll undan vélsleða á Hellsheiði. Flóðið féll í stuttri brekku skammt frá gamla skíðaskálanum. Annað flóð féll á svipuðum stað sama dag.
Hengill	25.1.2018	54375	F/1.5		Lítið flekaflóð féll undan vélsleða á Hellsheiði. Flóðið féll í stuttri brekku skammt frá gamla skíðaskálanum. Annað flóð féll á svipuðum stað sama dag.
Skálafell - skíðasvæði	31.1.2018	54397	F/1		Lítið flekaflóð féll undan skíðamanni utan við troðnar leiðir í Skálafelli.
Draumadalur í Bláfjöllum	1/2.2.2018	54440	Fv/2	–/50/–	Nokkur flekaflóð féllu í Draumadal, þ.á.m. eitt í Draumadalsgili á sama stað og tveir erlendir skíðamenn settu af stað snjóflóð í febrúar 1995 og annar lést.
Hengill	2.2.2018	54429	Fv/2		Mörg snjóflóð féllu í hlöðum í Henglinum.
Bláfjöll og nágrenni	2.2.2018	54441	Fv/2		Þrjú snjóflóð féllu í hlöðinni bakvið Rauðuhnjúka.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
"Þrengslin", sá staður við göngubrautina sem oftast hleypur	22.2.2018	54557	F/1		Spýja féll í Þrengslunum ofan við göngubrautina í Bláfjöllum.
Bungan í miðju Eldborgargili	22.2.2018	54554	Fv/1		Spýja féll í Eldborgargili.
Bláfjöll og nágrenni	22.2.2018	54286	Fv/1		Margar spýjur féllu í vesturhlíðum Bláfjalla.
Sólskinsbrekkan, frá Kóngi suður fyrir æfingarbakka	23.3.2018	54257	F/2		Snjótroðari ýtti niður hengjum í Sólskinsbrekkunni í Bláfjöllum.
"Þrengslin", sá staður við göngubrautina sem oftast hleypur	2018.3.23	54664	F/1		Lítrið snjóflóð féll við göngubrautina í Bláfjöllum.
Snæfellsnes					
Eyrarsveit	22.1.2018	54393	F/2	-/20/1.25	Snjóflóð féll í Búlandshöfða og lokaði vegi. Flóðið stöðvaðist á sléttu bílastæði og útsýnispalli og var mesta þykkt rúmlega 1,5 m og breiddin um 20 m. Lítil snjósöfnun var utar á Snæfellsnesi þegar flóðið féll.
Dalásýsla					
Skarðströnd	23.1.2018	54345	S/1.5	-/6 ^v /1 ^v	Snjóflóð féll á Klofningsveg á Skarðsströnd skammt frá Nýpur og lokaði honum. Flóðið var um 1 m þykkt og um 6 m breitt á veginum. Þrjú minni flóð féllu einnig á Klofningsveg um svipað leyti.
Skarðströnd	23.1.2018	54351	S/1		Snjóflóð féll á Klofningsveg á Skarðsströnd og lokaði honum.
Skarðströnd	23.1.2018	54350	S/1		Snjóflóð féll á Klofningsveg og lokaði honum.
Skarðströnd	23.1.2018	54349	S/1.5		Snjóflóð féll á Klofningsveg og lokaði honum.
Reykholasveit					

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Reykhólasveit	11.2.2018	54484	F/3	-/400/-	Breitt flekaflóð féll í Barmahlöð, milli Hymingsstaða og Seljaness í Reykhólasveit. Flóðið braut birki og lerki í skógrækt ofan við veginn og fór að hluta til yfir veginn.
Barðaströnd					
Gufudalssveit	21.11.2017	54192	F/2.5	-/40 ^v /2 ^v	Snjóflóð féll á veginn um Klettsháls og lokaði honum. Flóðið var um 40 m breitt og á þriðja metra þar sem það var þykkast á vegi.
Gufudalssveit	22.1.2018	54344	F/2	-/20 ^v /2 ^v	Snjóflóð féll á veginn í Gufufirði skammt vestur af bænum Brekku. Flóðið var um 2 m þykkt á veginum og lokaði honum.
Barðaströnd og innsveitir	10/11.2.2018	54693	F/2.5		Snjóflóð féll í hlífinni vestan Vatnsdalsvatns. Flóðið fór yfir veginn og út á ísлагt vatnið og braut greinar og litlar hríslur.
Barðaströnd og innsveitir	10/11.2.2018	54662	F/3		Stórt snjóflóð féll sunnan Víteyrar við Vatnsdalsvatn. Flóðið féll yfir veginn og langt fram á ísлагt vatnið og braut greinar og hríslur.
Gufudalssveit	11.2.2018	54454	F/2		Snjóflóð féll í austur hlífum Skálanesfjalls í Gufufirði sem fór yfir Vestfjarðarveg og lokaði honum.
Patreksfjörður					
Miklidalur	8-12.11.2017	54204	F/1		Spýja féll í Mikladal.
Geirseyrargil	21/22.11.2017	54177	F/2		Lítið flekaflóð féll úr austurvanga Geirseyrargils sem stöðvaðist ofan við miðja hlíð.
Litlidalur	12/13.12.2017	54219	F/1		Spýja féll í austanverðum Eyvarardal.
Miklidalur	23/24.12.2017	54230	F/1.5		Nokkrar spýjur féllu í litlum snjó í brúninni efst á Mikladal.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Geirseyrargil	7–11.1.2018	54278	F/2		Flekaflóð féll úr austurvæng Geirseyrargils. Flóðið náði niður að neðsta fossinum í gílinu.
Vatneyri	16.1.2018	54311	F/1		Spýja féll ofarlega í Brellum.
Ofan Sigtúns	16.1.2018	54312	F/1.5	-/-/0.2	Spýja féll ofan við Sigtún.
Vatneyri	22.1.2018	54343	F/2		Snjóflóð féll í hlífðinni ofan við Vatneyri og stöðvaðist um 100 m ofan við gamla varnargarðinn.
Vatneyri	22.1.2018	54340	L/1		Nokkrar spýjur féllu í hlífðinni ofan við Vatneyri.
Miklidalur	23.1.2018	54347	F/2.5	-/15/0.8	Snjóflóð féll ofan við litlu skógræktina í dalsmynni Mikladals.
Geirseyrargil	2.2.2018	54409	Fv/2		Vott flekaflóð féll neðarlega í austurbarmi Geirseyrargils og stöðvaðist í gilbotni. Flekinn var lítill en flóðið hrúgaðist upp í gilbotni þar sem það var nokkuð þykkt.
Klif	2.2.2018	54185	Fv/2		Snjóflóð féll í Klifinu ofan við varnargarðinn á Patreksfirði.
Geirseyrargil	11.2.2018	54483	F/2		Snjóflóð féll í vesturvæng Geirseyrargils sem náði niður fyrir neðstu kletta.
Vatneyri	13.2.2018	54489	F/1		Nokkrar spýjur féllu ofan byggðar á Vatneyri á Patreksfirði.
Ofan Sigtúns	13.2.2018	54496	F/2		Lítið snjóflóð féll ofan Sigtúns. Flóðið stöðvaðist í miðri hlíð og hrúgaðist nokkuð upp í tungunni.
Geirseyrargil	14.2.2018	54508	F/2		Snjóflóð féll í Geirseyrargili. Þunn flóðtungan stöðvaðist í gilkjafni.
Vatneyri	21.2.2018	54546	Fv/2		Snjóflóð féllu í tveimur ystu skorningunum ofan Vatneyrar á Patreksfirði.
Geirseyrargil	26/27.3.2018	54669	Fv/2.5		Vott snjóflóð féll í Geirseyrargili.
Vatneyri	26/27.3.2018	54670	Fv/2.5		Vott snjóflóð féll ofan Vatneyrar á Patreksfirði.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Patreksfjörður, utan þéttbýlis					
Flöskuhlíð	13.12.2017	54220	F/1		Tvær spýjur féllu í Flöskuhlíð.
Flöskuhlíð	23–25.12.2017	54231	F/1		Spýja féll í litlum snjó á Flöskuhlíð.
Flöskuhlíð	18.1.2018	54313	F/1		Nokkrir litlir flekar féllu innanlega í Flöskuhlíð.
Raknadalshlíð	22.1.2018	54342	F/2		Snjóflóð féll innanlega á Raknadalshlíð. Flóðið fór yfir veginn en lokaði honum ekki.
Raknadalshlíð	1.2.2018	54415	Fv/2	-/15 ^v / -	Lítið snjóflóð féll á veginn um Raknadalshlíð utan við Deildargil og lokaði veginum. Flóðið var um 15 m breitt á vegi.
Raknadalshlíð	1.2.2018	54411	F/1.5	-/15 ^v / -	Snjóflóð féll innanlega á Raknadalshlíð og lokaði veginum. Flóðið var um 15 m breitt á veginum.
Raknadalshlíð	2.2.2018	54410	Fv/2		Snjóflóð féll utarlega á Raknadalshlíð sem kom niður í þremur tungum.
Ósafjörður	2.2.2018	54425	Fv/2.5		Mörg snjóflóð féllu í Skápadalshlíð í ASA slagveðri, sum hver nokkuð stór.
Raknadalshlíð	2.2.2018	54418	Fv/1.5		Breitt snjóflóð féll á veginn um Raknadalshlíð en var þunnt og lokaði honum ekki.
Raknadalshlíð	2.2.2018	54417	Fv/2		Snjóflóð féll á veginn um Raknadalshlíð utan við Stapanan en lokaði honum ekki.
Raknadalshlíð	2.2.2018	54416	Fv/2	-/15 ^v / -	Vott flekaflóð féll á Raknadalshlíð og lokaði veginum. Flóðið var um 15 m breitt á vegi.
Patreksfjörður suðaustanverður	2.2.2018	54414	K/2		Tvö lítil krapaflóð féllu í Skápadal. Annað flóðið kom niður Dagmálagil en hitt niður Innstagil.
Patreksfjörður suðaustanverður	2.2.2018	54413	Fv/2		Margar votar spýjur féllu í SA-verðum Patreksfirði. Tvö flóðanna á Kotshlíð féllu í 100 m hæð.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Ósafjörður	2.2.2018	54412	Fv/2	-/70 ^v /1 ^v	Vott flekaflóð lokaði veginum sem liggur úr botni Ósafjarðar og upp á Kleifaheiði. Flóðið fór yfir neðsta vegskorninginn og var um 70 m breitt og 1 m þykkt á veginum.
Raknadalshlíð	11.2.2018	54486	F/1		Spýja féll á Raknadalshlíð sem stöðvaðist fyrir ofan veg.
Raknadalshlíð	11.2.2018	54485	F/2		Snjóflóð féll í Ytra Bakkaendagili á Raknadalshlíð og lokaði veginum.
Raknadalshlíð	14.2.2018	54506	F/1.5		Lítið snjóflóð féll innan við Deildargil.
Raknadalshlíð	14.2.2018	54507	F/2		Snjóflóð féll í Innra Bakkaendagili sem lokaði veginum.
Ósafjörður	19.2.2018	54548	Fv/2		Snjóflóð féll í Ósafirði og yfir Barðastrandarveg þar sem hann liggur upp á Kleifaheiði.
Raknadalshlíð	21.2.2018	54547	Fv/2		Snjóflóð féll á Raknadalshlíð milli Deildargils og Bakkaendagils. Flóðið stöðvaðist fyrir ofan veg.
Tálknafjörður, utan þéttbýlis					
Tálknafjörður, austan þéttbýlis	11.2.2018	54448	F/2	-/-/1.5 ^v	Snjóflóð féll í sunnanverðum Botnsdal í Tálknafirði og yfir veginn sem liggur upp úr Tálknafirði. Flóðið lokaði veginum og var um 1,5 m þykkt á vegi.
Arnarfjörður					
Arnarfjörður norðanverður	21-24.11.2017	54245	F/2	-/80/-	Flekaflóð féll rétt utan við Skjaldfannargil.
Arnarfjörður norðanverður	21-24.11.2017	54244	F/2.5	-/200/-	Flekaflóð féll innan við gangamunnann í Arnarfirði.
Bíldudalsfjallsskriður	15/16.1.2018	54357	L/1		Snjóflóð féll í Einvígisgjótu í Bíldudalsfjallsskriðum og lokaði veginum.
Hvestunúpur	15/16.1.2018	54356	L/1		Snjóflóð féll innan við Svarthamra og lokaði veginum.
Hvestunúpur	15/16.1.2018	54355	L/1		Snjóflóð féll innan við Svarthamra í Skoránúpi og lokaði veginum.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Hvestunúpur	2.2.2018	54706	Lv/2		Snjóflóð féll í Svarthömrum, utan við Gölt og lokaði veginum.
Hvestunúpur	2.2.2018	54424	Lv/2	-/-/1.2 ^v	Snjóflóð féll í Svarthömrum, utan við Gölt og lokaði veginum. Flóðið var um 1,2 m þykkt á vegi.
Hvestunúpur	2.2.2018	54423	Lv/2		Snjóflóð féll í Hvestunúpi og lokaði veginum.
Bíldudalsfjallsskriður	2.2.2018	54422	Lv/2		Vott snjóflóð féll í innsta gilinu í Bíldudalsfjallsskriðum og lokaði veginum.
Bíldudalsfjallsskriður	2.2.2018	54421	Lv/2		Vott snjóflóð féll í Bíldudalsfjallsskriðum í SA-átt með hlýndum og rigningu. Flóðið lokaði veginum.
Bíldudalsfjallsskriður	2.2.2018	54420	Lv/2		Vot spýja féll í Bíldudalsfjallsskriðum sem lokaði veginum.
Bíldudalsfjallsskriður	2.2.2018	54419	Lv/2		Vott snjóflóð féll í Einvígisjótu og lokaði veginum.
Suðurfirir	11.2.2018	54453	F/2		Snjóflóð féll yfir Bíldudalsveg skammt norðan flugbrautar. Flóðið lokaði veginum.
Bíldudalur					
Búðargil	2.2.2018	54426	Fv/1		Spýja féll í Búðargili.
Milligilin	2.2.2018	54427	Fv/1		Spýjur féllu í Milligiljum.
Dýrafjörður					
Hjarðardalshlíð	22/23.1.2018	54348	F/1	-/150/-	Lítið flekaflóð féll í Hjarðardalshlíð ofan við bæinn Fremstuhús. Flekinn var um 150 m breiður en þunnur og fór stutt niður hlíðina.
Hjarðardalshlíð	24.1.2018	54354	F/1.5	-/200/-	Flekaflóð féll í Hjarðardalshlíð ofan við bæinn Fremstuhús. Flóðið var um 250 m breitt en fór ekki langt.

